Sprungur Ingu Marenar

Menning ➤ 25

Ísköld klakafjölskylda

Lífið ➤ 28

FRÉTTABLAÐIÐ

23. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 3. FEBRÚAR 2022

Útsýnishóllinn Þúfa, listaverk Ólafar Nordal, er vinsæll áfangastaður ferðamanna í Reykjavíkurhöfn. Þar uppi er líka víðsýnt fyrir fugla eins og hrafninn sem hér má sjá tróna efstan á listaverkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sætti einangrun vegna púðurleifa frá lögreglu

Púðurleifar sem fundust á manni sem um tíma var grunaður í Rauðagerðismálinu, komu líklega af hönskum sérsveitarmanna sem handtóku hann. Hann krefst tíu milljóna í bætur og vill að málið verði rannsakað.

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Litáískur ríkisborgari sem handtekinn var í íbúð í Garðabæ, morguninn eftir að Armando Beqiri fannst látinn í Rauðagerði í febrúar í fyrra, hefur kvartað til nefndar um eftirlit með lögreglu. Hann vill að rannsakað verði hvort lögregla hafi gerst sek um refsiverða háttsemi, en púðurleifar sem fundust á handarbaki og úlnlið hans eru taldar hafa komið frá sérsveitarmönnum sem handtóku hann.

Eftir að lögreglu barst niðurstaða rannsóknar um að jákvætt svar um púðurleifar hefði verið í sýni af hendi mannsins, var óskað eftir áframhaldandi gæsluvarðhaldi yfir manninum. Í úrskurði héraðsdóms var fallist á þá kröfu, enda gæfu niðurstöðurnar til kynna að maðurinn hefði skotið úr byssu áður en hann var handtekinn af lögreglu.

» Lögreglumennirnir höfðu áður verið í snertingu við skotvopn í sömu hönskum og notaðir voru við handtökuna.

Daginn eftir þennan úrskurð birtust fréttir í fjölmiðlum af því að annar maður en kærandi væri grunaður um að hafa skotið Armando, sá sem nú hefur verið dæmdur fyrir verknaðinn.

Í kvörtun mannsins er vísað til skýrslu lögreglu, þar sem leitast er við að skýra púðurleifarnar sem fundust. Sérsveitarmennirnir sem handtóku hann hafi verið klæddir hönskum sem séu jafnvel notaðir á skotæfingum, auk þess sem þeir hafi báðir verið í snertingu við skotvopn í sömu hönskum og notaðir voru við handtökuna. Þeir hafi einnig „spanað og sett í slíður“ skotvopn fyrir handtökuna, áður en þeir snertu hinn handtekna, meðal annars á höndum og úlnlið.

Lögmaður mannsins hefur, auk kvörtunarinnar, sent kröfu til ríkislögmanns og krafist tíu milljóna króna í bætur fyrir frelsissviptingu að ósekju, en hann sætti gæsluvarðhaldi í einangrun í tvær vikur og farbanni í rúman mánuð að auki. ■

Fjarlægðarmörk sitjandi afnumin

lovisa@frettabladid.is

COVID-19 Frá og með í dag er þess ekki krafist lengur að einn metri verði á milli fólks á sitjandi viðburðum. Þetta ákvað Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra að höfðu samráði við sóttvarnalækni, að því er segir í tilkynningu frá ráðuneyti hans.

Leikhúsfólk og tónlistarmenn fögnuðu tíðindunum í gær. „Þetta er mjög ánægjulegt og er mjög gott fyrsta skref til að koma okkur af stað. En auðvitað viljum við sjá þetta gerast hraðar," sagði Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu og formaður Bandalags íslenskra tónleikahaldara, við Fréttablaðið í gærkvöld.

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra

„Með þessu breytast aðstæður til viðburðahalds þar sem hægt verður að nýta öll sæti á viðburðum svo lengi sem ekki eru fleiri en 500 í hólfi," var haft eftir ráðherra í fyrrgreindri tillögu.

Ísleifur sagði í gærkvöldi að ganga bæri lengra, til dæmis með því að endurskoða grímuskyldu og að stækka hólfin sem selja megi í. Helsta gagnrýni viðburðahaldarar lúti að því hversu hratt sé hægt að skella í lás en langan tíma að aflétta. ■

Snjórinn heillar

Veturinn er fastur í sessi á landinu bláa og um að gera að njóta þess sem hann hefur upp á að bjóða, eins þessi piltur gerði á Reykjavíkurtjörn í gær. Samkvæmt Veðurstofu Íslands mun kuldaboli ekkert gefa eftir næstu daga nema síður sé, því frosti er spáð fram yfir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pilturinn sem lést var nemandi við Laugaskóla í Reykjadal. MYND/AÐSEND

Fólkið á Laugum í áfalli eftir banaslys

ilk@frettabladid.is

SLYS Nemandi við Framhaldsskólann á Laugum í Reykjadal lést í gær, eftir að hann varð fyrir bíl skammt frá skólanum.

Lögreglan á Norðurlandi eystra fékk tilkynningu upp úr klukkan tvö í gær, um að 19 ára karlmaður hefði orðið fyrir bíl. Þegar viðbragðsaðilar mættu á vettvang var maðurinn meðvitundarlaus og endurlífgunartilraunir báru ekki árangur.

Haraldur Bóasson, íbúi á Laugum, segir fregnir af banaslysinu hafa haft mikil áhrif á samfélagið í Reykjadal. „Þetta var ákaflega hæglátur og góður strákur sem allir dáðu og dýrkuðu, þannig að þetta er mikið áfall fyrir alla," segir Haraldur.

Nokkrir nemendur úr skólanum urðu vitni að slysinu og var því áfallahjálparteymi Rauða krossins virkjað til að hlúa að þeim. Rannsókn á tildrögum slyssins eru á frumstigi. ■

Vilja leyfi til að selja áfengi á hárgreiðslustofu í Síðumúla

Ekki er gert ráð fyrir að hárgreiðslustofur sæki um vínveitingaleyfi og gerir kerfið ekki ráð fyrir þeim möguleika. Hjónin sem eru eigendur Unique hár og spa, Jóhanna María Gunnarsdóttir og Bjarni Líndal Snorrason, hafa sótt um leyfið fyrir sína stofu, en þá sem kaffihús.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Hjónin Jóhanna María Gunnarsdóttir, alltaf kölluð Jóa, og Bjarni Líndal Snorrason, eigendur Unique hár og spa í Síðumúla, hafa sótt um vínveitingaleyfi fyrir stofuna sína. Eitthvað sem þau hafa gengið með í maganum í mörg ár.

„Það merkilega er að við þurfum að sækja um sem kaffihús, því kerfið gerir ekki ráð fyrir að hárgreiðslustofa sé í þessum hugleiðingum," segir Bjarni.

Hann bendir á að þau þurfi að vinna með arkitektum til að breyta stofunni, þannig hún uppfylli alla staðla fyrir kaffihús, en eins og nafnið gefur til kynna, er Unique hár og spa alls ekki kaffihús.

„Við höfum skoðað hárgreiðslustofur víða um lönd og þar er allt í lagi að fá sér einn bjór, eitt rauðvínsglas eða jafnvel hvítvínstár, meðan það er setið í hárgreiðslustólnum. Planið er ekki að hafa hér bjór á dælu og kokteilagerð. Alls ekki. Bara lítinn kæli fyrir vín og bjór," segir Jóa.

Hún segir að þessi hugmynd sé búin að gerjast hjá þeim hjónum í langan tíma og þau vilji hafa allt uppi á borðum. Þó það sé vín og bjór.

„Menningin hér á Íslandi er búin að breytast mikið á undanförnum árum. Þetta er ekkert eins og við vorum að sjá í Verbúðinni, þegar allt tal um áfengi var að Íslendingar kynnu ekki að drekka. Það var 1989," segja þau í kór og hlæja.

Hjónin Jóhanna María Gunnarsdóttir og Bjarni Líndal Snorrason á góðri stund á Unique hair and spa. MYND/AÐSEND

> Þetta er ekkert eins og við vorum að sjá í Verbúðinni, þegar allt tal um áfengi var að Íslendingar kynnu ekki að drekka.
>
> Jóhanna María Gunnarsdóttir og Bjarni Líndal Snorrason

Jóa bendir á að það sé ekki algengt að hárgreiðslustofur séu að sækja um vínveitingaleyfi en Nonni Quest á Laugaveginum sé með glæsilegan viskíbar á sinni stofu á Laugaveginum og á Siglufirði stofa með bar. Hún hafi sett á Facebook að þau hafi sótt um og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Allir voru jákvæðir gagnvart þessari tilraun þeirra hjóna.

„Þó ég segi sjálf frá, þá finnst mér stofan okkar ein sú flottasta á landinu. Og við viljum bæta þessu við okkar þjónustu. Ég veit að kerfið vinnur yfirleitt hægt og rólega, sem er allt í lagi því við höfum nægan tíma," segir Jóa og Bjarni tekur undir. ■

Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Rýming
Troðfull verslun af merkjavöru!
70%
afsláttur af öllum vörum
BOSS HUGO BOSS
Stenströms
HUGO HUGO BOSS
gardeur
SAND COPENHAGEN
EMPORIO ARMANI
bugatti
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
POLO RALPH LAUREN
eterna
LES DEUX copenhague
LLOYD
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Unnið að því að auka kröfur til áfengis- og vímuefnaráðgjafa

birnadrofn@frettabladid.is

MENNTAMÁL „Unnið er að því að auka menntunarkröfur til áfengis- og vímuefnaráðgjafa til samræmis við eðli starfsins, og er horft til þess að námið verði á háskólastigi," segir í skriflegu svari heilbrigðisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í vikunni geta fíknifræðingar hér á landi ekki fengið starfsleyfi frá Embætti landlæknis. Með menntun sinni og vinnu geta þeir ekki uppfyllt skilyrði fyrir leyfinu samkvæmt reglugerð. Nám í áfengis- og vímuefnaráðgjöf, sem fram fer á heilbrigðisstofnunum SÁÁ, felur í sér sömu kröfur og skilyrði og útlistuð eru í reglugerðinni, samkvæmt upplýsingum á vefsíðu SÁÁ.

Vagnbjörg Magnúsdóttir, fíknifræðingur, segir ógerlegt fyrir aðra en þá sem fari í gegnum það nám, að uppfylla skilyrðin.

Meðferðarstöðin Vogur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í svari ráðuneytisins segir að mótaðar hafi verið hæfniskröfur og starfaprófíll fyrir áfengis- og vímuefnaráðgjafa, sem ráðuneytið hafi afhent Háskóla Íslands fyrir gerð námskrár. Áhugi Háskólans á því að koma náminu á fót liggi fyrir, með fyrirvara um fjármögnun þess.

„Heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið hafa átt í samstarfi um þetta mál, enda einhuga um markmiðið, auk þess sem bæði ráðuneytin hafa samþykkt að styrkja háskólann til að hægt sé að undirbúa námið og koma því af stað," segir í svarinu.

Þá hafi ráðuneytið kannað afstöðu SÁÁ til breytinga á náminu, hún sé jákvæð.

„Næsta skref heilbrigðisráðuneytisins er að leita til ráðuneytis háskólamála, til að afla upplýsinga um stöðu þessa máls og mögulega fjármögnun námsbrautarinnar til framtíðar." ■



Í heimsók n hjá tannlækni.

Mörg börn eru í virku tanneftirliti

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Um 90 prósent barna fimm ára og eldri eru í virku eftirliti hjá tannlækni hér á landi, samkvæmt mælaborði tannheilsu, á vef Embættis landlæknis.

Einungis rétt rúmt 51 prósent þriggja ára barna er í virku eftirliti hjá tannlækni og um 82 prósent fimm ára barna. Hlutfallið er hæst meðal tólf ára barna, 95,8 prósent.

Frá árinu 2013 eru tannlækningar barna greiddar að fullu af ríkinu, fyrir utan 2.500 króna árlegt komugjald. ■

Engar upplýsingar til um byrlanir

benediktboas@frettabladid.is

LÖGREGLA Byrlun er ekki sjálfstætt brot í refsilöggjöf og er því ekki sérstök skilgreining í kerfum lögreglu um byrlun lyfja. Því er engar upplýsingar eða tölfræði til um byrlanir og ekki ljóst hve margir hafa verið handteknir vegna gruns um byrlun og hversu margir ákærðir. Þetta kemur fram í svari Jóns Gunnarssonar dómsmálaráðherra, við fyrirspurn Lenyu Rúnar Taha Karim, varaþingmanns, um byrlanir. ■

Buðu Sólveigu Önnu á lista Ólafar

Sólveig Anna þáði ekki sæti á listanum sem Ólöf Helga leiðir nú í formannskjöri. Sólveig segir að henni hafi ekki verið boðið efsta sætið. Þriðji frambjóðandi til formanns Eflingar segir að Sólveig sé ábyrg fyrir heimsmeti í starfsmannaveltu.

bth@frettabladid.is

Reiknað er með að þúsundir félagsmanna Eflingar taki þátt í kjöri um formann. Sólveig Anna berst fyrir endurkomu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

VERKALÝÐSMÁL Sólveigu Önnu Jónsdóttur, fyrrverandi formanni Eflingar, sem sækist nú aftur eftir formannsembætti í félaginu, var boðið sæti á listanum sem Ólöf Helga Adolfsdóttir, varaformaður Eflingar leiðir.

Þetta staðfesta þær báðar. Heimildum Fréttablaðsins innan Eflingar ber þó ekki saman um hvort Sólveigu Önnu bauðst að leiða listann.

„Mér var ekki boðið efsta sætið á lista uppstillingarnefndar," segir Sólveig Anna, en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði meðlimur í uppstillingarnefnd hjá Eflingu samband við Sólveigu Önnu áður en hún ákvað að bjóða sig aftur fram til formannsembættisins, eftir að hafa sagt af sér í nóvember á síðasta ári.

Ljóst varð í gær þegar frestur rann út, að þrír myndu berjast um formannsstöðuna, Guðmundur Baldursson bílstjóri auk Sólveigar Önnu og Ólafar.

Mikill hiti er í baráttunni. Kom fram í gær, byggt á fyrirspurn frá Guðmundi, að kostnaður Eflingar vegna starfsmannamála á þremur árum hafi í formannstíð Sólveigar Önnu verið tæpar 130 milljónir króna.

Í þættinum Fréttavaktinni á sjónvarpsstöðinni Hringbraut, hélt Guðmundur Baldursson því fram að um 40 manns á skrifstofu Eflingar hefðu á skömmum tíma sagt upp eða verið sagt upp. Hann sagði að það hlyti að vera heimsmet í starfsmannaveltu í ekki stærra félagi. Fram kom að mikill sálfræðikostnaður hefði skapast af væringunum.

> Mér var ekki boðið efsta sætið á lista uppstillingarnefndar.
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, fyrrverandi formaður Eflingar

Hvorki Guðmundur né Ólöf vildu í gær ganga svo langt að segja að skrifstofan hefði verið óstarfhæf, en starfsmaður þar, sem óskaði eftir nafnleynd í samtali við Fréttablaðið, sagði að rætt hefði verið í fyrrahaust að ráða öryggisvörð á skrifstofuna vegna ástandsins þá.

Ólöf Helga staðfesti á Hringbraut að hún og Sólveig Anna töluðust ekki lengur við.

Í fyrrahaust studdi Sólveig Anna málshöfðun Ólafar gegn Icelandair með ráðum og dáð, í svokölluðu hlaðkonumáli, en síðan hefur orðið mikil breyting á sambandi þeirra tveggja.

Starfsmenn á skrifstofu Eflingar sem Fréttablaðið ræddi við um formannsslaginn í gær, segja ástandið óþolandi. Einn viðmælandi sagðist búa sig undir að missa starf sitt á næstunni, en það ylti þó á úrslitum kosningarinnar.

Þrátt fyrir ólguna munu margir félagsmenn telja að Sólveig Anna sé sigurstranglegust í kjörinu, enda sé hún besti talsmaður verkalýðsbaráttu sem kostur sé á, þrátt fyrir samstarfsörðugleika.

Nær 20.000 virkir félagar í Eflingu eru á kjörskrá. Ólöf Helga segist telja það ágæta þátttöku ef 5.000 manns greiði atkvæði. Hún hvetur félaga til að nýta kosningaréttinn. ■

SUZUKI S-CROSS 4X4
Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI

500.000 KR. AFSLÁTTUR!

4X4
SUZUKI S-CROSS ER FJÓRHJÓLADRIFINN

Hönnuðir Suzuki náðu að sameina þægindi fólksbíls og öryggi jeppa í S-Cross. Fjórhjóladrifið og mikil veghæð gera hann öruggan og rásfastann, mikið afl og skemmtilegir aksturseiginleikar gera S-Cross ótrúlega þægilegan í akstri. S-Cross er sérlega rúmgóður og með ríkulegan staðalbúnað.

VERÐ MEÐ AFSLÆTTI FRÁ KR.
5.090.000

S-CROSS HYBRID

EKKI MISSA AF ÞESSU FRÁBÆRA TILBOÐI!

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Sólsetur við Jarðböðin við Mývatn heilla marga. MYND/SANDRA HLÍN

Ferðamenn gistu einni nótt lengur

benediktboas@frettabladid.is

FERÐALÖG Langflestir sem hingað komu í fyrra, eða um níu af hverjum tíu, voru í fríi, samkvæmt könnun Ferðamálastofu. Um fimm prósent voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum og um tvö prósent í viðskiptatengdum tilgangi.

Í könnuninni segir að breytt ferðamynstur vegna kórónaveirunnar hafi leitt af sér lengri dvöl erlendra ferðamanna en hefur tíðkast. Dvaldi fólk hér 8,2 nætur að jafnaði. Meðaldvöl var rétt innan við sjö nætur 2020 og 2019.

Skráðar gistinætur voru yfir fimm milljónir árið 2021 samkvæmt Hagstofunni. Það er 1,8 milljónum fleiri en 2020. Um helmingur gistinátta var á hótelum og fjölgaði þeim um 65 prósent.

Þrjár af hverjum fimm hótelgistinóttum í fyrra voru tilkomnar vegna Íslendinga og Bandaríkjamanna. Nýtingin á hótelherbergjum fór niður fyrir 15 prósent á landsvísu fyrstu fjóra mánuði ársins, en fór hæst í ágúst, eða í 77 prósent. ■

Átök í Ástralíu

Lögregla í Canberra, höfuðborg Ástralíu, átti í átökum við mótmælendur skammt frá þjóðarbókasafninu. Mótmælendurnir voru að mótmæla bólusetningu gegn Covid-19 og vildu ná eyrum forsætisráðherra landsins. Átök hófust þegar lögregla ákvað að flytja þá frá bókasafninu og á annan stað. Þúsundir hafa tekið þátt í mótmælum gegn bólusetningum eða sóttvarnaaðgerðum í landinu, undir merkjum frelsis. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Frá fyrstu bylgju þegar fyrirtækjum var lokað hverju á fætur öðru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mikil áhersla á að borga ekki út lokunarstyrki

benediktboas@frettabladid.is

Ólafur Stephensen, formaður Félags atvinnurekenda

STJÓRNSÝSLA „Þótt svona stjórnsýsla hafi í áranna rás verið hugmyndauppspretta höfunda ódauðlegra listaverka, eins og „Yes Minister“ eða „Little Britain“, finnst fyrirtækjum sem hljóta þessa meðferð það yfirleitt ekki fyndið,“ segir meðal annars í umsögn félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um framhald lokunarstyrkja.

Þar er sögð saga af fyrirtæki sem var í hópi þeirra sem fengu ekki lokunarstyrk í fyrstu bylgju faraldursins árið 2020, af því að skattayfirvöld töldu að það hefði getað haldið úti starfsemi í einhverri mynd, í stað þess að loka fyrirtækinu. Yfirskattanefnd staðfesti ákvörðun Skattsins þess efnis.

„Það er að sjálfsögðu gjörsamlega óþolandi fyrir fyrirtæki að vera sett í þá stöðu að loka starfsemi sinni í góðri trú, haldandi að þar með sé verið að taka þátt í mikilvægum sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda, en svo leggi embættismenn Skattsins og yfirskattanefnd á sig mikla vinnu við að finna leiðir til að greiða þeim ekki lokunarstyrk,“ segir í umsögninni.

Þá er bent á að enginn atvinnurekandi geri sér að leik að loka starfseminni og gera sjálfan sig tekjulausan og að í framtíðinni muni fyrirtæki hugsa sig vel um hvort þau loki, komi svipuð staða upp aftur.

„Óhætt er að álykta að reynsla fyrirtækisins, sem hér er fjallað um, af framkvæmd á lokunarstyrkjaúrræðum stjórnvalda er á þann veg að forsvarsmönnum þess myndi ekki detta í hug að fara eftir fyrirmælum um að loka starfseminni, kæmi sú staða upp í framtíðinni í samhengi þessa faraldurs eða annarra.“ ■

Bandaríkjaforseti sendir hermenn til Austur-Evrópu

Samtals 11.500 hermenn frá Bandaríkjunum verða senn í viðbragðsstöðu í Evrópu vegna liðssafnaðar Rússa við landamæri sín að Úkraínu. Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna segir hermönnunum ekki ætlað að berjast í Úkraínu. Rússar segja Bandaríkin vera að hella olíu á eldinn.

arib@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, hyggst senda þrjú þúsund bandarískra hermenn til Evrópu, til viðbótar við þá 8.500 sem eru þar nú þegar í viðbragðsstöðu vegna spennunnar á landamærum Rússlands og Úkraínu.

Sautján hundruð hermenn verða sendir frá Fort Bragg í Norður-Karólínu til Póllands og 300 til Þýskalands. Þá verða þúsund hermenn sem eru nú í Þýskalandi sendir til Rúmeníu sem er meðlimur í NATO eins og Pólland. Bæði Pólland og Rúmenía eiga landamæri að Úkraínu.

Þúsundir hermanna frá aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins, NATO, eru einnig í nágrannalöndum Úkraínu.

Vladímír Pútín, forseti Rússlands, sagði við blaðamenn í fyrradag að Vesturríkin væru að reyna að egna Rússa til að hefja stríð í Úkraínu.

Um hundrað þúsund rússneskir hermenn eru nú nálægt landamærum Úkraínu. Pútín, sem hafði ekki tjáð sig opinberlega í rúman mánuð, sagði að NATO og Bandaríkin hefðu hunsað yfirlýsingar Rússa.

John Kirby, talsmaður bandaríska varnarmálaráðuneytisins, sagði við blaðamenn í gær að hreyfingar á herliði tengdust spennunni. „Hermennirnir eru ekki að fara að berjast í Úkraínu,“ sagði Kirby. Hann kvað herliðið sent til að uppfylla varnarskyldur gagnvart bandalagsþjóðum í NATO „Hreyfingarnar eru ekki varanlegar. Þær eru gerðar til að bregðast við núverandi aðstæðum.“

Al-Jazeera hefur eftir Dmitry Novikov, formanni utanríkismálanefndar rússneska þingsins, að Bandaríkjamenn séu að hella olíu á eldinn. Rússar líti á þetta skref sem afturför í friðarumleitunum. ■

Úkraínski herinn stóð fyrir heræfingum í vikunni. Talið er að núverandi herstyrkur Rússa við landamæri ríkjanna dugi ekki til innrásar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

» Sautján hundruð hermenn verða sendir frá Fort Bragg í Norður-Karólínu til Póllands og 300 til Þýskalands. Þá verða þúsund hermenn sem eru nú í Þýskalandi sendir til Rúmeníu.

XTM
PERFORMANCE
Hlýtt í vetur
XTM

HAGKAUP

XTM snjógalli
15.000 mm vatnsheldni
stærðir 6/8 - 14 ára
14.999 kr/stk

Ellert stýrir fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans

magdalena@frettabladid.is

Ellert Arnarson hefur verið ráðinn forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans og hefur störf á næstu vikum.

Ellert Árnason

Ellert hefur mikla og víðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Á árunum 2013-2019 var hann verkefna- og sjóðstjóri hjá GAMMA Capital Management og byggði hann meðal annars upp og stýrði teymi á sviði sérhæfðra fjárfestinga, sem bar ábyrgð á uppbyggingu nokkurra fyrirtækja og lánasafna. Frá árinu 2019 hefur hann starfað við eignastýringu hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Áður starfaði Ellert meðal annars sem sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Straumi fjárfestingarbanka. Hann hefur verið stundakennari við Háskóla Íslands frá árinu 2008 og haft umsjón með námskeiði um skuldabréf, fyrir meistaranema í Viðskipta- og hagfræðideild skólans.

Ellert vann síðast við eignastýringu hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna og þar áður í fyrirtækjaráðgjöf Straums fjárfestingabanka.

Ellert lauk B.Sc. gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands árið 2010. Hann lauk M.Sc. gráðu í fjármálahagfræði frá sama skóla árið 2013 og hefur einnig lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. ■

Fari ekki of bratt í vaxtahækkanir

Aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir að hugverkaiðnaður sé orðinn mjög ráðandi í gjaldeyrisöflun. Til að hann geti vaxið áfram þarf umhverfið að vera gott.

helgivifill@frettabladid.is

Íbúðum í byggingu tók að fækka árið 2019. Það var fyrirboði um að framboð á fasteignamarkaði yrði minna. „Það er að drífa verðhækkun á húsnæði og verðbólgu í augnablikinu," segir Ingólfur Bender. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það þarf að gæta þess að fara ekki of bratt í stýrivaxtahækkanir. Þetta er jafnvægislist. Það þarf að hækka vexti nægilega mikið til að ná niður verðbólgu, en ekki of mikið til að kæfa ekki hagvöxt. Þetta segir Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins, í sjónvarpsþætti Markaðarins sem sýndur var í gærkvöldi á Hringbraut.

Verðbólga hefur ekki verið hærri í tíu ár. Hún er 5,7 prósent, en viðmið Seðlabankans er 2,5 prósent. Húsnæðisverð hefur hækkað um ríflega 18 prósent á einu ári. Seðlabankinn mun tilkynna um stýrivaxtaákvörðun sína næstkomandi miðvikudag.

Hagkerfið fékk skell í Covid-19 heimsfaraldrinum. Ingólfur sagði að þó svo hagvaxtarhorfur séu ágætar í augnablikinu fyrir árið í ár, sé útlitið „ekkert sérstaklega bjart" fyrir næsta og þarnæsta ár, ef marka megi opinberar spár. Það væri mikilvægt að auka gjaldeyristekjur og halda uppi fjárfestingu og helst auka hana.

„Við viljum byggja upp nýjar stoðir í útflutningi. Hugverkaiðnaður er orðinn mjög ráðandi í gjaldeyrisöflun. Við viljum sjá hann vaxa og dafna áfram. Til þess þarf umhverfið að vera gott," segir hann.

Að sögn Ingólfs hefði verið hægt að gera mun betur í að halda verðbólgu í skefjum, í ljósi þess að hún er drifin áfram af verðhækkunum á húsnæði. Þær skýri um þriðjung verðbólgunnar, sem sé talsvert. Það sem fyrst hafi drifið áfram húsnæðisverðshækkanir á undanförnum tveimur árum hafi verið aukin eftirspurn, sem rekja megi til vaxtalækkana, aukins kaupmáttar og fleiri þátta.

Hann segir að strax árið 2019 hafi íbúðum í byggingu tekið að fækka. Talning Samtaka iðnaðarins leiddi í ljós að íbúðir á fyrstu byggingarstigum hafi fækkað, sem væri fyrirboði um að framboð á húsnæði yrði minna. „Það er að drífa verðhækkun á húsnæði og verðbólgu í augnablikinu. Við erum að upplifa verulegan

Óttast að verðbólga verði þrálátari en áður var talið

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, býst ekki við að verðbólga muni aukast mikið á næstunni, en óttast að hún verði þrálátari en áður hafi verið talið.

Hann reiknar með að verð á innfluttum vörum muni hækka. Fram hefur komið í fréttum að heildsalar reikni með verðhækkunum erlendis frá. „Það hefur hjálpað okkur að krónan hefur staðið sig eins og hetja í gegnum kórónukrísuna og hefur verið að styrkjast undanfarnar vikur. Þrátt fyrir að aðrar smámyntir hafi sveiflast mikið, hefur krónan náð að standa af sér vindinn," segir Daníel við sjónvarpsþátt Markaðarins og nefnir að væntingar séu um að krónan haldi áfram að styrkjast. Það haldi aftur af verðhækkunum erlendis frá að einhverju leyti.

Að hans sögn sé ýmislegt sem bendi til að aukin eftirspurn sem hafi myndast í Covid-19 hafi knúið verðhækkanir. Nú sé faraldurinn að líða undir lok, örvunaraðgerðir tengdar honum í Bandaríkjunum og evrusvæðinu séu að mestu yfirstaðnar og þá sé líklegt að það dragi úr eftirspurn sem gæti þrýst verði niður. Spurningin sé hve hratt það muni gerast. Mögulega muni kólnandi áhrif koma fram á næstu mánuðum, en kannski ekki fyrr en á seinni helmingi ársins.

Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

skort á framboði á nýju íbúðarhúsnæði og húsnæði almennt," segir hann.

Ingólfur segir að á skömmum tíma hafi fjöldi íbúða í sölu á höfuðborgarsvæðinu dregist saman úr ríflega tvö þúsund niður fyrir 500. Fjöldinn fari enn minnkandi.

Að hans sögn er lóðaskortur flöskuháls byggingaframkvæmda. „Ábyrgðin liggur mikið hjá sveitastjórnum. Ekki síst sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fólksfjölgunin á sér stað að mestu leyti," segir Ingólfur og nefnir að allar aðgerðir til að auka framboð á íbúðum litið til næstu mánaða og ára, hafi áhrif á verðbólguvæntingar. ■

Vaxtahækkanir gætu hamlað íbúðauppbyggingu

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Ársverðbólga stendur nú í 5,7 prósentum, sem er mesta verðbólga sem mælst hefur hér á landi í um áratug. Húsnæðisliðurinn knýr áfram verðbólguna en húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um ríflega 18 prósent síðastliðna tólf mánuði. Verðbólga án húsnæðisliðarins stendur í 3,7 prósentum.

Sterkir eftirspurnarkraftar hafa verið að verki á íbúðamarkaði að undanförnu. Þar ber helst að nefna vaxtalækkanir, aukinn kaupmátt heimilanna, sértæk úrræði á borð við skattfrjálsa úttekt séreignasparnaðar og mikla fólksfjölgun. Á síðasta ári fjölgaði íbúum landsins um 7.410 eða um 30 prósent umfram það sem spáð hafði verið. Allir hafa þessir þættir lagst á sveif við að auka eftirspurn eftir húsnæði.

Framboðshliðin hefur ekki haldið í við þessa þróun. Lagerinn af auglýstum eignum er óðum að tæmast. Ekki hafa verið færri eignir á sölu frá því mælingar hófust. Á sama tíma sýnir talning Samtaka iðnaðarins að fjöldi íbúða í byggingu hefur farið fækkandi á undanförnum misserum.

Hraðar – meira – hagkvæmar

Það átakanlega við þessa stöðu er að vel væri hægt að byggja meira, hraðar og hagkvæmar. Í meginatriðum skýrist framboðsskorturinn af langvarandi undirliggjandi kerfisvanda.

1. Frumskilyrði fyrir því að hægt sé að byggja meira er aukið lóðaframboð, en byggingaraðilar eru sammála um að lóðaskortur hamli íbúðauppbyggingu. Til að hægt sé að áætla vænt framboð, þarf einnig að bæta rauntímagögn um stöðu markaðarins hverju sinni. Ófullnægjandi upplýsingar um fjölda íbúða í byggingu, geta leitt til þess að rangt mat liggi til grundvallar þegar kemur að því að meta raunverulega þörf.

Það átakanlega við þessa stöðu er að vel væri hægt að byggja meira, hraðar og hagkvæmar.

2. Til að hægt sé að byggja hraðar þarf að bæta ferli skipulagsmála, einfalda regluverk sem snýr að byggingariðnaði og stuðla að skilvirkari stjórnsýslu. Í skýrslu OECD frá árinu 2020 eru gerðar 316 úrbótatillögur á regluverki í byggingariðnaði. Að hve miklu leyti hefur þessum tillögum verið fylgt eftir?

3. Til að byggja á hagkvæmari hátt þarf sveigjanlegri skipulagsskilmála. Skapa þarf lóðaframboð utan þéttingareita. Þá þarf að leyfa sköpunarkrafti lausnamiðaðra hönnuða að njóta sín, með því að móta skynsamlegri byggingarreglugerð, sem hannar ekki byggingar fyrir fram.

Umbætur á þessum sviðum eru til þess fallnar að flýta framkvæmdaferlinu og lækka byggingarkostnað. En til að halda megi kostnaði í lágmarki þarf hagkvæm fjármögnun einnig að standa byggingaraðilum til boða. Fjármögnunarkostnaður skýrir tilfinnanlegan hluta af heildarbyggingarkostnaði eða í kringum einn tíunda, eftir vaxtastigi hverju sinni. Það er því ljóst að skarpar og miklar vaxtahækkanir gætu haft neikvæð áhrif á framboðshlið markaðarins.

Hnitmiðaðar lausnir

Verðbólgutölur virðast gefa Seðlabankanum fáa aðra valkosti en að hækka vexti. En ef húsnæðismarkaðurinn er helsta driffjöður verðbólgunnar og framboðshliðin helsti sökudólgurinn um þessar mundir, er fullt tilefni hjá Seðlabankanum til að beita áfram þjóðhagsvarúðartækjum, á borð við takmarkanir á veðsetningarhlutföllum og heildarfjárhæð, eða greiðslubyrði fasteignalána, til móts við vaxtahækkanir. Þannig mætti taka á meginorsökum verðbólgunnar með hnitmiðuðum hætti, á sama tíma og neikvæð áhrif á framboðshlið húsnæðismarkaðar væru lágmörkuð. Samhliða er brýnt að ríki og sveitarfélög spýti í lófana hvað varðar nauðsynlegar og tímabærar umbætur á umgjörð byggingarmarkaðar.

Skammtímaaðgerðir á borð við vaxtahækkanir til að draga úr eftirspurn, mega ekki viðhalda lengri tíma vanda á húsnæðismarkaði. Sá vandi felst í framboðsskorti sem skýrist fyrst og fremst af kerfisvanda. Við þeim vanda eru til skynsamlegar lausnir sem hrinda má í framkvæmd þegar í stað. ■

REXTON

ÞÚ GRÍPUR ÞAÐ ÞÝÐINGARMESTA MEÐ M-CORE

Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Göngufólk fetar sig eftir mjóum göngustíg Kambagils sem liggur í gegnum líparítskriðu sem úr fjarlægð virðist lóðrétt. Fólkið minnir því helst á maura í miðju málverki. MYNDIR/ÓMB

Maurar í málverki

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi.

Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari.

Eitt stórkostlegasta göngusvæði á Íslandi er inn af Lóni í Stafafellsfjöllum, í svokölluðum Lónsöræfum. Litadýrðin er engu lík, sem þakka má líparítfjöllum sem skorin eru sundur af giljum sem víða skarta hnífskörpum berggöngum, sem helst minna á blaðsíður í bók. Litríkt landslagið er síðan rammað inn af snæhvítum Vatnajökli og vatnsmiklum jökulám, sem renna í gegnum gróskumikinn birkiskóg. Þrátt fyrir þessa gríðarlegu náttúrufegurð eru ótrúlega margir Íslendingar sem aldrei hafa komið í Lónsöræfi og skýringin sennilega sú að ekki er auðvelt að komast þangað, ekki síst yfir óbrúaða Skyndidalsá, sem í vatnavöxtum getur verið varhugaverð. Því er skynsamlegt að semja við heimamenn um ferðina inn Lón, yfir Skyndidalsá og upp Kjarrdalsheiði að Illakambi. Þar endar vegurinn og aðeins hálftíma ganga að vinalegum Múlaskála í Nesi. Þar má einnig slá upp tjaldi og tilvalið að halda í dagsgöngur inn í Tröllakróka, að Víðibrekkuskeri og Kambahryggjum, Þilgili og Leiðartungum, eða sigrast á snúnum Sauðhamarstindi (1.319 m).

Ekki má gleyma að einnig er hægt ganga að Illakambi úr Stafafelli í Lóni, áfram að Múlaskála og inn í Víðidal, gönguleið sem hefur fengið nafnið Austurstræti. Fyrsta daginn er gengið á sléttlendi með fram Austurskógi og vatnsmikilli Jökulsá í Lóni, og síðan yfir hana á reisulegri göngubrú, skammt frá Eskifelli. Þaðan er hægt að fylgja veginum yfir Kjarrdalsheiði að Illakambi. Við mælum þó frekar með fáfarnari og erfiðari gönguleið, Kambaleið, sem liggur með fram stórkostlegum gljúfrum Jökulsár. Leiðin er stikuð og liggur yfir óteljandi hryggi og gil. Stórkostlegast þessara gilja er Kambagil, en ofan þess er voldugur berggangur sem gaman er að feta sig varlega eftir. Þarna er einnig tilvalið að hvíla bakpokann og ganga út að brúnum Jökulsárgljúfurs. Handan þess blasir við svipmikill Sviptungnahnjúkur, sem sífellt breytir litum, allt eftir birtuskilyrðum.

Gangan ofan í sjálft Kambagil er ekki fyrir lofthrædda, enda fylgt göngustíg í líparítskriðu sem úr fjarlægð virðist lóðrétt, en reynist við nánari kynni halla aðeins. Þegar skriðan er að baki er gaman að fylgjast með göngufélögunum feta mjóan stíginn eins og maurar í olíumálverki. Þarna er ekki löng ganga að Illakambi, en Kambaleið er einnig tilvalið að ganga í hina áttina, það er frá honum, niður að Eskifelli. ■

Kambagil dregur nafn sitt af tignarlegum berggangi sem gaman er að feta sig varlega út á.

Útsýni af Kambaleið yfir Jökulsárgljúfur er stórkostlegt og algjör litaveisla.

20% afsláttur af öllum
skíða og brettapökkum

Vetrarútsala

Útivistarfatnaður • Skíðafatnaður
Gönguskíðafatnaður • Snjóflóðabúnaður
Göngusokkar • Lúffur og vettlingar
Klifurbúnaður • Gönguskór • Húfur
Svefnpokar • Bakpokar

Allt að 70% afsláttur

Kíktu á úrvalið í vefverslun á www.everest.is

FISCHER HEAD NORTHUG KV+ alpina SWIX MAMMUT SWISS 1862 Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Orsökin

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Íslenskri efnahagspólitík er einkar lagið að fjasa um afleiðingarnar, fremur en að taka á orsökinni. Heita má að þessi áráttuhegðun hér á landi hafi varað í heilu og hálfu mannsaldrana, án þess að nokkurn tíma hafi þótt ástæða til að breyta um kúrs.

Af og til eru þó krónuflokkarnir á Alþingi minntir á ángskotans orsökina – og einmitt í þessari viku var síðast japlað á því af hálfu stjórnarherranna, að kannski væri húsnæðisliðurinn í vísitölunni helst til bagalegur í heimilisbókhaldi almennings, og gott ef ekki ósanngjarn.

Þessar stumrur heyrast nokkuð reglulega, en eru aldrei settar í samhengi við þann raunalega veruleika á Íslandi, að minnsti gjaldmiðill í heimi þarf ekki einasta belti og axlabönd um sig miðjan, heldur er nú svo komið að það er ekki lengur tekið við honum í öðrum löndum Evrópu, eins og Pólverjar og aðrir Austur-Evrópumenn þekkja, sem ferðast á milli vinnu sinnar á Íslandi og átthaga sinna í austri.

En þeir geta þó farið. Eftir sitja Íslendingarnir í útnorðri og láta refsa sér sem nemur nálega 200 milljörðum á ári, sem er kostnaður þeirra af notkun krónunnar, en það er álíka upphæð og alþýða manna leggur samneyslunni til í formi tekjuskatts á ári.

Sveiflur krónunnar og samfelldur veikleiki hennar, í bland við bækluð hjálpartækin, er heimilisofbeldið á Íslandi sem ekki má tala um. Þar hefur þöggunin verið miklu vænlegri kostur en nokkru sinni að ræða til þrautar um það sem getur komið almenningi best í gjaldmiðilsmálum.

Það skal bara áfram barið á fólki. Og það sem er kannski sárara en tárum taki, er að þessi sama alþýða manna virðist vera orðin vön þessu ofbeldi – og lætur sig að minnsta kosti hafa það, ber sér fremur á brjóst en að brotna.

Það er af þessum sökum sem þjóðin hefur aldrei gert uppreisn gegn því að tengja húsnæðisliðinn við verðlagsþróun, sem vel að merkja þekkist hvergi annars staðar á siðmenntuðu bóli, en hefur sennilega bara þótt nokkuð þjóðlegt uppi á Fróni.

Og það er húsnæðisliðurinn í vísitölunni sem knýr áfram verðbólguna að hálfu leyti, enda þótt hækkun húsnæðisliðarins stafi ef til vill af allt öðru en aðrir þættir sem ýta við vísitölunni. Og þá þarf að hækka vexti, einmitt svo alþýðan kosti meiru til. Og þetta er kallað efnahagsstjórn. ■

> Sveiflur krónunnar og samfelldur veikleiki hennar í bland við bækluð hjálpartækin, er heimilisofbeldið á Íslandi sem ekki má tala um.

Halldór

Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Púðurkerling
Sérsveitarmenn tóku ekki með silkihönskum á manni sem grunaður var um aðild að Rauðagerðismálinu. Taldi lögreglan manninn hafa skotið af byssu, því púður leyndist á höndum hans. Var honum varpað í fangelsi í hálfan mánuð að fengnu samþykki dómstóla. Síðar kom í ljós að púðrið á manninum var líkast til komið af sérsveitarmönnunum sjálfum, sem voru víst einmitt að handleika byssur áður en þeir settu manninn í járn. Hann var ekki ákærður – enda játaði annar maður ódæðið – og krefst nú tíu milljóna króna í bætur. Hvernig var þetta aftur með að skjóta fyrst og spyrja svo? Eða var það öfugt?

Þrjú á palli
Baráttan um völdin í Eflingu harðnar. Þrjú verða í kjöri til formanns. Þeirra á meðal er ekki núverandi formaður, Agnieszka Ewa Ziólkowska, sem færði sig úr varaformannsstól í aðalsætið, er Sólveig Anna Jónsdóttir yfirgaf sviðið eftir átök á skrifstofu félagsins. Sólveig Anna býður sig fram að nýju og það gerir einnig hennar helsti gagnrýnandi, Guðmundur Baldursson, og líka hlaðkonan Ólöf Helga Adolfsdóttir, núverandi varaformaður, sem er boðin fram af upppstillingarnefnd félagsins. Sólveigu Önnu var boðið sæti á lista Ólafar en þáði ekki. Spennan er mikil og von á góðri þátttöku í kjörinu. ■

Sókn eftir faraldurinn

Sigríður Hulda Jónsdóttir
varaformaður bæjarráðs og gefur kost á sér í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisfélaganna í Garðabæ

> Bæjarfélag á að skapa góð uppeldisskilyrði, veita nútímalega þjónustu og stuðla að lýðheilsu bæjarbúa.

Síðustu tvö ár höfum við þurft að breyta venjum okkar og fórna lífsgæðum. Við höfum varið okkur; einangrað, hlustað á fréttir um ógnir við heilsu og efnahag.

Nú þarf að huga að virkni og velferð þeirra sem faraldurinn hefur lagst þungt á. Unga fólkið hefur ekki notið félagslífs á mótunarárum. Þau sem eldri eru sakna tilbreytingar og samskipta við fólkið sitt. Ljóst er að mikið hefur reynt á ákveðnar starfsstéttir og þá sem fyrir bjuggu við áskoranir. Þegar Covid lýkur þurfum við að vera tilbúin fyrir sókn því mannauðurinn er grundvöllur velferðar.

Ungt fólk og þeir sem eldri eru
Við höfum öll fundið hversu mikilvægt er að upplifa samveru með fjölskyldu og vinum, öryggi og rútínu, tilbreytingu og tilhlökkun. Sköpum tækifæri til að hittast, upplifa og njóta. Sveitarfélög og frjáls félagasamtök geta lagt lið með því að bæta aðgengi að viðburðum, heilsueflingu, menningu og samveru. Í Garðabæ þar sem ég er bæjarfulltrúi og formaður skólanefndar leggjum við mikla áherslu á að skóla-, íþrótta-, tómstunda- og menningarstarf sé í fremstu röð. Þar á sömuleiðis að vera gott að eldast.

Aðstæður og væntingar þessara aldurshópa hafa breyst undanfarin ár. Við þurfum að taka ákvörðun um að tryggja öflugt mannlíf; virkni og vellíðan eftir heimsfaraldur. Útfærum næstu skref í samvinnu við fólkið sjálft.

Vinnum með þeim sem nýta þjónustuna
Bæjarfélag á að skapa góð uppeldisskilyrði, veita nútímalega þjónustu og stuðla að lýðheilsu bæjarbúa. Ég vil sjá sveitarfélög styðja við félagslegt net eldri borgara og hlúa sérstaklega að ungu fólki. Í sumum tilfellum getur verið nægjanlegt að styðja við góðar hugmyndir. Ýmislegt má gera án mikils kostnaðar.

Förum úr (sótt)vörn í (gæða)sókn; tölum saman, vinnum saman – bætum mannlífið og tilveruna eftir krefjandi tíma. ■

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Að vera bæði með og á móti

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Sveitarstjórnarkosningar eru ekki eins pólitískar og þingkosningar. Alþingi ræður að mestu verkefnum og tekjum sveitarfélaganna. Pólitískt svigrúm þeirra er því takmarkað.

Yfirleitt hefur þó verið býsna góður pólitískur hiti í kosningum til borgarstjórnar í Reykjavík.

Þrætur um sátt

Eitt helsta þrætueplið í borgarmálaumræðunni nú á rætur í ólíkri hugmyndafræði um einkabíla og almenningssamgöngur. Að jafnaði er það merki um pólitískt heilbrigði þegar kosningaumræður snúast um prinsipp.

En þessi hugmyndafræðilega kosningadeila er aftur á móti merki um einstaka þrætubók. Það eru nefnilega aðeins tæp þrjú ár síðan einhver stærsta pólitíska sátt aldarinnar var einmitt gerð um sameiginlega samgöngustefnu á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Ríkisstjórnin er stærsti stjórnsýsluaðilinn að samkomulaginu ásamt Reykjavíkurborg og fimm nágrannabæjum.

Sjálfstæðisflokkurinn er langsamlega stærsti pólitíski aðilinn að sáttinni með fjármálaráðherrann og fimm bæjarstjóra. Næst koma Samfylkingin með borgarstjórann og Framsókn með innviðaráðherrann og svo Viðreisn, VG og Píratar.

Miðflokkurinn og Flokkur fólksins eru á móti.

Grasrót Sjálfstæðisflokksins í höfuðborgarsveitarfélögunum sex hefur síðan gert almenningssamgönguhlutann í sáttmálanum að hugmyndafræðilegu átakaefni gegn eigin formanni og borgarstjóra.

> Flóknara getur það tæpast verið að vinna hugsjónamáli framgang.

Jafnvægi

Stóra spurningin er: Hvernig getur samkomulag með svo mikla pólitíska breidd orðið að slíku kosningamáli?

Svarið við þessari spurningu verður enn flóknara þegar efni samgöngusáttmálans er skoðað. Hann felur í sér fjárfestingar fyrir 120 milljarða króna á 15 árum.

Skiptingin er þannig milli einkabíla og almenningssamgangna að rúmir 52 milljarðar króna fara í hraðbrautir, stokka og gatnamót en tæpir 50 milljarðar króna í borgarlínu. Jafnvægið getur ekki verið betra.

Svo fara lægri upphæðir í stíga, undirgöng, öryggisaðgerðir og stafræna umferðarstýringu.

Glundroðakenningin snýst við

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur verið klofinn í málinu. En miðjumeirihluti vinstriflokkanna og Viðreisnar hefur verið samstæður allan tímann. Þetta eru mikil pólitísk umskipti.

Áður sýndi Sjálfstæðisflokkurinn styrk með því að benda á glundroða vinstri flokka og svo á Framsókn, sem gjarnan var bæði með og móti stærstu málum. Nú er það hann, sem er bæði með og á móti mestu framkvæmdaáætlun í samgöngumálum, sem gerð hefur verið.

Með og móti pólitíkin einskorðast ekki við þetta mál. Þessi veikleiki hefur einnig komið fram í því, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið bæði með og á móti sóttvarnaákvörðunum, þingmenn hans töluðu bæði með og á móti þriðja orkupakkanum og frambjóðendur hans mæla bæði með og á móti aðild Íslands að innri markaði Evrópusambandsins.

Flókið að stöðva

Til að stöðva borgarlínuna þyrfti óklofinn borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna að fá meirihluta með Miðflokki og Flokki fólksins.

Jafnframt yrðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fimm nágrannabæjarstjórnum að skipta um skoðun eða falla fyrir Miðflokknum.

Loks yrði að knýja fjármálaráðherra til að rjúfa samkomulag stjórnarflokkanna um málið. Það gæti svo sett stjórnarsamstarfið í uppnám.

Flóknara getur það tæpast verið að vinna hugsjónamáli framgang.

Hin hliðin er lítið rædd

En það er önnur hlið á samgöngusáttmálanum, sem lítið hefur verið rædd. Það þarf nefnilega að borga brúsann. En þá heitu kartöflu vilja færri snerta.

Sáttmálinn kveður á um, að sérstök flýti- og umferðargjöld á einkabíla eigi að standa undir helmingi kostnaðarins. Allir samningsaðilar eru eðlilega skuldbundnir til að styðja þetta prinsipp. Að auki stendur fyrir dyrum heildarendurskoðun á bílasköttum.

Ábyrgðin á útfærslu þessa hluta sáttmálans hvílir á fjármálaráðherra og innviðaráðherra. Sá bolti veltur nú fram og til baka á skrifborðum þeirra.

Þótt senn sé fimmtungur samningstímans liðinn bólar ekkert á tillögum um útfærslu á þessum eldfima hluta sáttarinnar.

Seinagangur

Umferðaskattar geta ekki síður en önnur skattlagning verið efniviður í hugmyndafræðileg átök.

Ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu að halda þessu heita máli utan við alþingiskosningarnar. Og nú virðast þeir líka ætla að draga tillögugerð fram yfir sveitarstjórnarkosningar og kjarasamninga.

Það er augljóslega snúið að koma fram með lagafrumvarp um nýja umferðarskatta þegar stærsti stjórnarflokkurinn er bæði með og á móti framkvæmdasamkomulaginu, sem skattheimtan á að standa undir.

Að réttu lagi á ríkisstjórnin að sæta gagnrýni fyrir þennan seinagang. Það gæti verið alvöru kosningamál. ■

Þakkarbréf frá strák með ADHD

Aron Leví Beck
borgarfulltrúi og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík

Það er mikilvægt að skólarnir okkar bjóði upp á fjölbreytta þjónustu fyrir börn með ADHD. Ég er 32ja ára gamall og var greindur með ADHD þegar ég var 4ra ára. Mamma mín var í Fósturskóla Íslands á þessum tíma og held ég að það hafi verið ástæða þess að hana hafi grunað að ekki væri allt með felldu hjá litla drengnum hennar.

Það var ekki algengt á þessum árum að vera greindur með ADHD og sennilega hef ég verið í fyrstu bylgjunni. Um var að ræða nokkuð týpískan ADHD-strák, að ég held. Ég var með frammistöðukvíða, átti auðvelt með að eignast vini en erfiðara gekk að halda í þá, ég þurfti að takast á við þráhyggju, stjórnsemi og lélega tilfinningastjórnun – og ég var utan við mig og týndi öllu sem ég og aðrir áttu og þar fram eftir götunum. Á mínu heimili fann ég aldrei fyrir þeirri tilfinningu að ég væri að bregðast. Það var ekki leyndarmál að ég væri með ADHD. Mamma mín sagði mér það og ég túlkaði það sem svo að það væri eitthvað aðeins öðruvísi við mig og að ADHD væri eitthvað sem ekki allir voru með. Stundum skammaðist ég mín smá fyrir það, en oftast ekki.

Frá því að ég var barn var reynt að setja mig alls konar íþróttastarf. Ég man sérstaklega eftir því þegar ég var sendur í dans. Þegar tíminn var hálfnaður var mamma mín vinsamlegast beðin um taka mig af æfingunni, snarpur dansferill hjá mér. Margir af mínum vinum voru í íshokkí og sló ég til og fann mig um leið og ég prófaði að vera markvörður. Þá þurfti ég ekki að bíða í röð eftir að fá að vera með, skilja neinar æfingar eða leikkerfi – markmiðið var einfalt! Að æfa íshokkí var mikil gæfa fyrir mig. Þar átti ég félaga, fékk útrás og tilheyrði. Ég æfði íshokkí í 12 ár, var í landsliðinu en hætti þegar ég byrjaði í háskóla. Fyrir tveim árum byrjaði ég aftur og er meistaraflokksmarkvörður hjá Skautafélagi Reykjavíkur.

> Traustið sem ég hafði frá starfsfólki skólans gerði það að verkum að ég misnotaði þessi forréttindi aldrei svo ég muni.

Þegar þú ert með ADHD er ekki ólíklegt að þú upplifir þig svolítið á skjön. Þú virðist ekki geta gert neitt alveg rétt, þú gefur annað hvort of mikið af þér eða of lítið og þú ert of áhugasamur eða of áhugalaus. Skilningsleysi er mesta ógnin, að gera ráð fyrir að viðkomandi geti gert allt á sama hátt og aðrir. Það var mikil gæfa í mínu lífi að hafa fengið greiningu snemma og eiga mömmu með bein í nefinu. Ég man óljóst eftir fundum á stofnunum, foreldraviðtölum og þar fram eftir götunum, en ég gleymi aldrei hversu staðföst mamma mín var þegar á þurfti að halda í þessum aðstæðum, en það þurfti svo sannarlega að ganga á eftir hlutunum. Nánast alla mína skólagöngu fékk ég viðeigandi þjónustu. Þegar ég fann fyrir miklum spenningi í skólastofunni fékk ég að ganga út í nokkrar mínútur, án þess að þurfa að láta kennara sérstaklega vita. Traustið sem ég hafði frá starfsfólki skólans gerði það að verkum að ég misnotaði þessi forréttindi aldrei svo ég muni. Auka íþróttatímar voru í boði fyrir mig og blöð í mismunandi litum, sem áttu að auðvelda mér við einbeitingu. Ég fékk hljóðbækur á kassettum þegar ég var á miðstigi og stuðningsaðila í unglingadeild, í þeim fögum sem ég átti erfitt með að einbeita mér í. Ég fékk sérkennslu, auka tölutíma og að taka próf í sérstöku rými, svo eitthvað sé nefnt. Ég var oftast einn í þessum úrræðum.

Þetta virkaði! Öll þessi ótrúlega vinna sem allt þetta frábæra fólk innti af hendi til þess eins að hjálpa mér að geta tekist á við lífið, allur þessi tími, peningar, tilraunir og samtöl. Í dag ölum við sambýliskona mín upp þrjú börn, ég er lærður málarameistari, byggingafræðingur, stundaði meistaranám í skipulagsfræði og starfa sem borgarfulltrúi og myndlistarmaður. Ég á í góðum samskiptum við fólk, á vini, þekki mínar takmarkanir og styrkleika. Ég vinn stöðugt með þau verkfæri sem ég hef fengið í gegnum árin, meðvitað og ómeðvitað.

Ég veit að það eru ekki allir svona lánsamir. Eins og ég nefndi í upphafi þá var mamma mín afar meðvituð um þessi mál frá því ég var mjög ungur og naut ég góðs af því. En það er ekki nóg að foreldrar séu meðvitaðir um vandann, skólarnir okkar verða einnig að geta tekið á málum hjá krökkum eins og mér. Það er aldrei of seint. Við kennara í Hamraskóla, Foldaskóla og Langholtsskóla, vil ég segja takk. Sama má segja um barna- og unglingageðdeild Landspítalans, þjálfara og síðast en ekki síst vil ég þakka mömmu minni fyrir það ótrúlega þrekvirki sem það hefur verið að koma mér ekki ruglaðri en þetta út í lífið. ■

Þróunarsamvinna:
Styrkir til félagasamtaka

Undir hatti samstarfs utanríkisráðuneytisins við íslensk félagasamtök í þróunarsamvinnu auglýsir ráðuneytið eftir umsóknum um styrki til þróunarsamvinnuverkefna og eru allt að 55 milljónir króna til úthlutunar til nýrra verkefna.

Hafa þín félagasamtök áhuga á að leggja sitt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna?

Markmið styrkjanna er að draga úr fátækt, bregðast við neyðarástandi og styðja við atvinnusköpun og sjálfbæran vöxt í þróunarríkjum. Sérstök áhersla er lögð á mannréttindi, jafnrétti kynjanna og loftlagsmál í samræmi við stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Sérstök áhersla er lögð á verkefni sem koma til framkvæmdar í samstarfslöndum Íslands eða nágrenni þeirra í tvíhliða þróunarsamvinnu.

Opið er fyrir umsóknir vegna styrkja til þróunarsamvinnuverkefna til **14. mars 2022.**

Nánari upplýsingar um umsóknarferlið ásamt verklagsreglum á www.utn.is/felagasamtok

Óskir um nánari upplýsingar og frekari fyrirspurnir skal senda á netfangið felagasamtok.styrkir@utn.is

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

blómaval

FYRIR ÞIG

Potta plöntur

Allar pottaplöntur

25-50% afsláttur

Ný sending vikulega

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

22%

PAMESA ceramica

Flísar
Style Merengo 30,3x61,3 cm, R9.
8611176

2.965kr/m²
~~3.802kr/m²~~

Græn vara

20%

Græn vara

ALSAPAN Furniture, Flooring, Worktops

Harðparket
Aronia eik, 1286x192x8 mm. 5G læsing. AC5 rispustuðull. 147432

2.878kr/m²
~~3.597kr/m²~~

20%

ALSAPAN Furniture, Flooring, Worktops

Harðparket
Linen eik, 12 mm, 4V AC6 32.
147405

3.756kr/m²
~~4.695kr/m²~~

Sparaðu **10.000**kr

AEG

Þvottavél
1400 sn.
8 kg, 1400 snúninga, með kolalausum mótor. 1860502

84.990kr
~~94.990kr~~

15%

Electrolux

Þurrkari
Tekur 7 kg, orkuflokkur B, stærð: 85x59,6x57 cm, 67dB, tromla 104 ltr. 1835643

69.990kr
~~82.490kr~~

35%

BLACK+DECKER

Borvél, 12V + 100 fylgihlutir
Rafhlaða 1.5Ah, Li-ion, 2 stk., hersla 25Nm, 10 mm patróna. 5245566

13.970kr
~~21.495kr~~

30%

NEO TOOLS

Topplyklasett
Með föstum lyklum, 1/4"-1/2" 82 stk.
Toppar 1/2" 14-32 mm - 1/4" 8-22 mm, skrall 72T, fastir lyklar 8-22 mm. 5052575

13.995kr
~~19.995kr~~

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Lítum inn á við

Nýtt blað er komið út

Parket og flísar

Valdar vörur

20-30% afsláttur

LADY litadagar

30% afsláttur

Eldhús og bað

Valdar vörur

20-25% afsláttur

Nýtt blað er komið út

Beint í ormagryfjuna

Einar Kárason
rithöfundur

Ég hef heyrt fleiri en einn kollega segja að ekkert sé vísara til óvinsælda og fúkyrða en þegar listamenn tala um starfslaunasjóði. En mér finnst rétt að sjónarmið heyrist frá einhverjum þeirra sem á þannig laun þurfa að stóla, og er að auki ýmsu vanur.

Upphaflegum lögum um Launasjóð rithöfunda frá áttunda áratugnum var fylgt úr hlaði einhvernveginn á þá leið að þeir sem helgi ævi sína ritstörfum „ættu ekki að þurfa að búa við meiri fjárhagslega áhyggju“ en gengur og gerist; Sigurður Pálsson, sem varð formaður Rithöfundasambandsins '84 hélt mikið upp á þetta orðalag, en ég var um hríð varaformaður og tók svo við formennskunni '88-92. Sjóðurinn var samt þannig að því fór fjarri að hann gæti sinnt nefndu hlutverki. Það var þverpólitískur vilji til að bæta úr því, og við forystumenn RSÍ sátum fundi með þingmönnum og menntamálaráðherrum þar sem þessi mál voru rædd. Eftirminnilegur einn slíkur var með Sverri Hermannssyni menntamálaráðherra og þeim sómamönnum Haraldi Ólafssyni og Halldóri Blöndal, sem voru formenn menntamálanefnda þingdeildanna. Við Siggi vorum boðaðir til fundar við þá í turnherbergi Hótel Borgar, og veglegt þótti okkur skáldunum þegar ráðherrann hringdi niður og lét svo aka veitingum, mat og drykk, á vagni inn til okkar og sagði: „Það er ekki hægt að láta ykkur standa með vatnskjaftinn!“

Þarna í formlegu og óformlegu spjalli var sama sagt sem áður, að það yrði að tryggja atvinnuhöfundum eitthvert lágmarks framfærsluöryggi; það voru nefnd nöfn manna sem höfðu haft ritstörf að aðalstarfi í áratugi og sagt: Það er ekki hægt að láta svona menn standa uppi tekjulausa, og ekki komast allir á heiðurslaun. Úr þessu verður að bæta!

Það var svo á Alþingi í byrjun tíunda áratugarins, þegar Svavar Gestsson var menntamálaráðherra og Ólafur Ragnar fjármálaráðherra, að ný lög voru sett um listamannasjóði og þar var gert ráð fyrir að veita mætti laun til nokkurra ára til að tryggja afkomuöryggi atvinnufólks, og það í víðtækri sátt; ég hafði setið marga fundi með yfirvöldum um málið.

Ástæða þess að ég rifja þetta upp, er að núna um daginn kom til árlegra umræðna um þessar launagreiðslur. Ég ætla ekki að eyða orði í fúkyrðaflauminn um þá aumingja, ölmusumenn og afætur sem hérlendis starfa að listgreinum eins og bókmenntum, þótt öll slík illyrði gætu verið sígild furða: Á heimasíðum fréttamiðla og eins á Facebook, þar sem eitthvað var minnst á úthlutunina, brást það tæpast að fylgdi langur hali af fjandsamlegum upphrópunum, en best að kippa sér ekki upp við slíkt. Aðrir viðra kröfur um að þeir einir ættu að starfa að listum sem geta lifað af sölu sinna afurða.

Því er til að svara að ég treysti mér til að fullyrða að megnið af þeim skáldverkum sem hafa komið út á íslensku síðustu hálfa öld, hefði aldrei verið skrifað nema fyrir tilverknað þessa sjóðs. Og reyndar gildir það í lengri tíma, ef við lítum til þess opinbera stuðnings sem meistarar liðinnar aldar nutu.

Og ástæðan er einföld: Smæð markaðarins. Fólki til upplýsingar þá nema höfundarlaun fyrir skáldsögu sem nær meðalsölu á Íslandi svona einum til tveimur mánaðarlaunum, segjum til dæmis bankamanns. En algengt er að það taki tvö ár að fullgera skáldsögu frá því undirbúningsvinna hefst.

Ef ég tek dæmi af sjálfum mér þá eru fjórir áratugir síðan ég gaf fyrst út skáldsögu, og eru bækurnar orðnar eitthvað um þrjátíu í allt. Ég hef notið velgengni og fengið ágætar viðtökur hvernig sem á það er litið; flestar mínar bækur hafa náð góðri meðalsölu, sem eru svona tvöþúsund eintök, og margar mun meira, en með eintakasölu upp á svona áttaþúsund eru bækur við toppinn á jólabókalistum. En þannig sala, sem atvinnuhöfundar kannski ná á nokkurra ára fresti, færir mönnum kannski sex til sjö mánaðarlaun af því tagi sem ég nefndi. Með öðrum orðum: Það er útilokað að lifa á sölutekjunum og þessu starfi hefði verið sjálfhætt.

Ég hef kynnst erlendum höfundum sem eiga svipaðan feril í sölu og annarri dreifingu hjá sínum þjóðum, og ef við bara lítum til annarra Norðurlanda, til dæmis Noregs eða Danmerkur, þar sem búa um það bil tuttugufalt fleiri íbúar, þá eru metsölubækur þeirra að fara í fimmtíu til hundraðþúsund eintökum. Og þannig sala tryggir mönnum laun og afkomuöryggi til margra ára. Auk þess sem þóknanir í þessum löndum fyrir útlán á bókasöfnum eru margfalt meiri. En vert er þess þó að geta að í öllum helstu menningarlöndum í okkar heimshluta veita yfirvöld styrki til að semja bókmenntir; menn vilja ekki búa í samfélögum án þeirra.

Menn spyrja hvort ekki séu tekjur af erlendum útgáfum, en fyrir hefðbundin skáldrit eru þær yfirleitt ekki miklar; lönd og forlög er mistór, prósentur lægri fyrir þýddar bækur og það þarf að borga þýðendum – algengt er að höfundur fái frá nokkrum tugum þúsunda króna upp í nokkur hundruð. Ég þekki þetta sjálfur: Til eru eitthvað um sextíu erlendar útgáfur á mínum bókum; semsagt ein og hálf að meðaltali á ári þessi fjörutíu ár. Svo oft hafa komið vel þegnar sporslur sem kannski grynnka yfirdrátt í bili.

Um afkomuöryggi er það að segja að á hverju hausti fylla menn út ítarlega umsókn um að fá laun næsta ár. Furðu flókna, og með hverju ári æ ítarlegri. Sér í lagi fyrir höfunda sem fólk þekkir af fyrri bókum, og helst þarf að gefa fyllri lýsingu á verki komandi árs en höfundurinn er kannski búinn að gera upp við sjálfan sig – að auki þurfa menn sjálfir að gera grein fyrir listrænu gildi komandi verka! Svo er beðið fram í miðjan janúar eftir svari, og þá kemur í ljós í hversu marga mánuði umsækjandi mun hafa fastar tekjur það árið – fjögurhundruð og eitthvað þúsund á mánuði. Það eru ekki há laun, en munar öllu að fá þó það; hinir sígildu reikningar koma um hver einustu mánaðamót, og gott að geta mætt þeim. Undanfarin ár hef ég ýmist fengið laun í sex mánuði eða níu, og þakka fyrir það, en það þýðir að það blasa við manni komandi ár svo og svo mörg mánaðamót þar sem ekkert kemur. Þá þarf að finna sér einhvern annan starfa, en það er ekki alltaf hlaupið að því. Sjálfur hef ég verið svo lánsamur að ýmsir hafa viljað heyra mig segja sögur, lesa upp eða flytja ræður, en síðustu tvö ár, í kóvídinu, hefur slíkt nær ekkert verið. Og þessar greiðslur eru verktakagreiðslur, sem þýðir að menn verða að standa sjálfir skil á launatengdum gjöldum; borga til dæmis 10% launa í tryggingagjald, sem er að því leyti ankannalegt að fyrir það fæst engin trygging; höfundur sem fær í janúar boð um að hann verði launalaus kannski hálft árið eða meira og finnur enga aðra launavinnu, á samt engan rétt á, segjum, atvinnuleysisbótum.

> „Því er til að svara að ég treysti mér til að fullyrða að megnið af þeim skáldverkum sem hafa komið út á íslensku síðustu hálfa öld, hefði aldrei verið skrifað nema fyrir tilverknað þessa sjóðs.

Það sást við síðustu úthlutun að sjóðurinn virðist ekki ráða við að styðja þá höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref. Og svo er þrautreyndum atvinnuhöfundum upp úr þurru mjög óhátíðlega synjað um öll laun. Eðalskáld eins og til dæmis Þórarinn Eldjárn, Pétur Gunnarsson og Steinunn Sigurðardóttir, fengu á dögunum þvert nei við umsóknum um stuðning til að skrifa sína næstu bók, eftir hálfa öld við ritstörf af snilld og ómældum hæfileikum.

Eftir að hafa skoðað málið er svo að sjá að fólki sé varpað fyrir róða um sjötugt. Margir höfundar hafa skrifað sínar bestu bækur á efri árum; Knut Hamsun skrifaði snilldarverk tæplega níræður. Mun það gagnast íslenskri menningu að fólk á borð við Þórarin og Steinunni leggi pennann á hilluna? Og aftur: Þetta eru allt verktakagreiðslur; launagreiðendur hafa aldrei lagt fimmeyring í lífeyrissjóð fyrir þetta góða fólk.

Og svo er hitt: Margir sem hafa í áratugi og af alúð sinnt einhverjum starfa, þykja þess verðir að fá einhverja umbun við starfslok; biðlaun, starfslokasamning, eftirlaun – eitthvað; jafnvel bara partí með ræðu, skálað, þökkuð góð störf. En listafólkið; þar er ekkert, því er leyft að útfylla langa og óraflókna umsókn um laun, en er svo í rauninni bara sagt að éta það sem úti frýs. Það má standa með vatnskjaftinn! ■

Menning valdsins

Þuríður Ólafía Hjálmtýsdóttir
sérfræðingur í klínískri fjölskyldusálfræði og stofnandi sálfræðiþjónustunnar Sálarró.is

Skilningur á lífinu og því hvað sé mikilvægt, mótast af því samfélagi sem við lifum í. Við erum þátttakendur í menningu okkar frá vöggu til grafar. Við berum með okkur þá menningu sem við erum innlimuð í og hugsum og bregðumst við í samræmi við hana. Við erum þó ekki endilega meðvituð um hana. Í heiminum í dag er hlutgerving á fólki rík. Fólk horfir í ríkum mæli á hvert annað utan frá, sem aðskilið hvert frá öðru. Þetta veldur tengslaleysi sem leiðir til einmanaleika og minni hlutttekningar manna á milli. Konur hafa ekki farið varhluta af þessu. Þær eru skoðaðar utan frá, sem hlutir og „fegurð“ þeirra talin skipta miklu. Fegurð kvenna í vestrænum samfélögum er álitin felast í því að þær séu ungar, grannar og með stinn brjóst. Slík er staðalímynd hinnar fullkomnu konu og því betur sem hún uppfyllir þessa ímynd, því flottari er hún talin og hamingjusamari. Öll viljum við vera vel heppnuð, flott og hamingjusöm.

Á bak við þetta áhorf á konur liggja gífurlega sterk og grimm öfl markaðarins og feðraveldisins. Fjármálaleg öfl, þar sem fjöldi manns hefur atvinnu af því að halda á lofti þessari ímynd og fyrirtæki stórgræða. Þá burðast feðraveldið með vald sem enginn ræður við, því valdið spillir. Valdið sem slíkt getur orsakað ótta og sársauka hver sem á heldur. Sársauka, ekki einungis hjá þeim sem fyrir verður, heldur einnig þeim sem á heldur. Sannast margkveðin vísa undanfarinnar tíðar: „Við erum saman í þessu.“

Hvernig getum við byggt upp samfélag sem er vinsamlegra þeim lífrænu, mannlegu verum sem við erum? Hvernig samfélag viljum við byggja, þannig að við þurfum ekki að auka þjáninguna á vegferð okkar um lífið?

Heimur okkar allra er að hluta til tengdur og að hluta til aðskilinn. Ekkert okkar getur unnið að því sem við höldum okkar hagsmuni, á hverjum tíma, án tengsla við hina sem í samfélaginu búa. Þannig verður sú/sá sem fyrir valdinu verður og sú/sá sem beitir því, fremur tengd en aðskilin. Allt samfélagið verður fyrir áhrifum. Vandinn er samfélagslegs eðlis vegna viðhorfa í menningu okkar, en síður bundinn við þá einstaklinga sem hlut eiga að máli. Við sem byggjum þessa jörð berum ábyrgð á því mannlífi sem hér blómstrar, eða þeirri þjáningu sem verður. ■

Ljótt skrök

Steinbergur Finnbogason
lögmaður

Það er ljótt að skrökva. Fyrir dómstólum þykir það reyndar ekki tiltökumál að sakborningar í nauðvörn hagræði sannleikanum, noti jafnvel lygina sem síðasta hálmstráið og verji sig að öðru leyti einnig með kjafti og klóm. Þá reynir sem fyrr á fagmennsku bæði lögmanna og dómara. Til þeirra eru gerðar miklar kröfur, bæði að lögum og siðareglum, og flestum eru þær skyldur heilagar. Þar geta ósannindi aldrei orðið tilgangur sem helgar meðalið. Og þar má heldur aldrei blanda lögmanni og skjólstæðingi hans saman í eitt lið. Allir gera einfaldlega sitt besta til þess að sakborningur fái sem besta vörn, réttlátustu málsmeðferð og sanngjarnan dóm.

Fæstir lögmenn leyfa sér nokkru sinni að fara út fyrir þennan ramma. Á því eru þó því miður undantekningar. Ein þeirra leit dagsins ljós á fésbókarfærslu kollega míns, Sigrúnar Jóhannsdóttur lögmanns, og í kjölfarið á netmiðli DV og þar á eftir Fréttablaðsins. Eflaust var sá fréttaflutningur lögmanninum síst á móti skapi enda féll hann þar í þá freistni að skrökva að blaðamönnum beggja miðla og samsama mig að auki skjólstæðingi mínum í verjendastörfunum.

Fésbókarfærsla Sigrúnar, og stóra skrökið, hefst á þessu: „Jæja, þá er enn einn dómstóllinn búinn að taka fyrir ásakanir Steinbergs í minn garð og komast að þeirri niðurstöðu að ekkert sé hæft í þeim.“ Þetta draga viðmælendur hennar í blaðamannastétt meðal annars saman í það að hluti af málsvörn minni hafi á tveimur dómstigum verið „skotinn niður“ og að „Landsréttur og Héraðsdómur hafa vísað á bug ásökunum Steinbergs Finnbogasonar lögmanns“. Sigrún veit auðvitað að þetta er rangt og kannski veit hún líka að auðvitað verð ég að svara skrökinu og hrekja það.

Hið rétta er einfalt. Fyrirliggjandi málsgögn og vitnisburðir staðfesta aðkomu Sigrúnar að smölun á skjólstæðingum, meðal annars uppástungu hennar um auglýsingu eftir brotaþolum undir fölsku nafni og móttöku hennar á mögulegum kærendum. Dómstigin tvö töldu þetta hins vegar ekki skipta máli hvað varðaði sekt eða sýknu umbjóðanda míns. Á því

> „Hið rétta er einfalt.

annars vegar og hinu hins vegar, að þau hafi „vísað á bug“ þessum ásökunum mínum er mikill munur.

Framganga Sigrúnar á opinberum vettvangi, rangtúlkanir hennar og svig framhjá sannleika málsins, er þess eðlis að ég hef farið þess á leit við Lögmannafélag Íslands að hún verði minnt á þær lögmannsskyldur sem flestir í stéttinni hafa alla daga í hávegum. Í Morgunblaðinu í gær er vitnað í tæplega tuttugu ára gömul varnaðarorð þáverandi forsætisráðherra í áramótaávarpi og ég vil leyfa mér að taka undir þau heilshugar: „Furðu margir segja hálfsatt eða ósatt og virðast ekki leiða hugann eina örskotsstund að heiðri sínum og orðstír og það sem lakara er, enginn hermir framkomuna upp á viðkomandi og ótrúlega mörgum virðist sama. Menn yppa öxlum og láta kyrrt liggja. Slíkt kann að standast um skamma hríð, en verður að þjóðarböli, þegar til lengdar lætur.“ ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 3. febrúar 2022

Dóra Pacz segist hafa gaman af því að blanda saman litríkum og stundum skrítnum flíkum með einföldum og beisik fötum. Hún er svo að sjálfsögðu með skart. Hvort tveggja eyrnalokka og hálsmen, frá ungverska hönnunarmerkinu Licorice, sem er ekki starfandi lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framtíðin er svört gúmmíslanga

Dóra Pacz segir framtíðina í tískuheiminum felast í endurvinnslu og endurnotkun á hráefnum. Hugsjón hennar kristallast í ungverska hönnunarmerkinu Licorice. 2

Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Dóra Pacz kom til Íslands 2020, rétt áður en faraldurinn hófst. „Mér bauðst starf í ferðabransanum á Íslandi. Ég féll fyrir landinu sem ferðamaður og ákvað því að hætta í draumastarfinu í Ungverjalandi og flytja hingað til að gera eitthvað nýtt. Mig hafði líka lengi langað til að búa erlendis," segir Dóra. „Ég er með BA í menningarstjórnun og lærði markaðsfræði með og hafði lengi unnið við sölustörf. Rétt áður en ég kom til Íslands vann ég sem sölu- og markaðsfulltrúi hjá innanhússhönnunarverslun í Búdapest. Annars langar mig til þess að búa hér áfram svo lengi sem ég nýt þess að búa á Íslandi. Menningargeirinn á Íslandi lofar góðu þannig að ég sé fram á að halda áfram í námi hér á landi. Núna er planið að fara í mastersnám á Íslandi í sýningagerð í LHÍ. Aðalmarkmiðið núna er því að læra íslensku og byrja á mínu eigin verkefni til að vinna að sem umsókn inn í háskólann."

Ungverskur lakkrís

Dóra var á tímabili markaðsfræðingur hjá ungverska hönnunarmerkinu Licorice, eða lakkrís á ylhýra. „Merkið byggir á hugmyndafræði endurvinnslu, sköpunargleði, umhverfisvernd og fjölskyldu. Stofnendur merkisins eru þær Hajnal Szolga og Erika Pataki. Þær byrjuðu að selja vörur sínar í Ungverjalandi, og síðar í Berlín og Dresden.

Ég kynntist fyrst þessu merki árið 2016 á hönnunarmörkuðum í Búdapest. Upphaflega féll ég fyrir skartinu þeirra sem var einstakt, fallegt og nýstárlegt. Síðar, þegar merkið stækkaði og varð að fyrirtæki, hjálpaði ég aðeins við framleiðsluna en vann annars mest í markaðssetningu fyrir merkið."

Gómsætt en óætt skart

Licorice hönnunargripirnir eru úr gúmmíi úr hjólaslöngum. „Fyrstu munirnir urðu til árið 2014 og voru skart úr svörtu gúmmíi. Það fyrsta sem maður hugsar um þegar maður klippir niður svarta hjólaslöngu í litla búta er gómsætt lakkríssælgæti. Hráefnið sem slíkt var því innblásturinn að nafninu. Í Ungverjalandi hugsa margir hlýtt til æskuáranna þegar þeir borðuðu áhyggjulausir lakkrís á vormörkuðunum. Því var það einnig skemmtileg viðbót að tengja saman fólk sem kann að meta nafnið í gegnum minningar sínar.

Árið 2016 gáfu þær út vor/sumar línu með fatnað úr púðruðum og lituðum latex hjólaslöngum. Latex er einstaklega viðkvæmt efni og jafnmjúkt og húð mannsins. Þessi lína kom mörgum á óvart og var algert tilraunaverkefni hjá þeim stöllum."

Hajnal og Erika notuðu þetta tiltekna hráefni því það er aðgengilegt, auðmótanlegt og vekur upp skemmtilegar minningar. „Notkun þessa óvenjulega og teygjanlega efnis gefur á sama tíma mjög sterk og margbrotin skilaboð, enda býr þarna að baki sjálfbærnihugsjón og spurningar um úrgang. Hjólreiðar eru umhverfisvænn ferðamáti og lífsstíll, en að sjálfsögðu framleiða þær einnig úrgang.

Hjólaslangan gaf þeim frelsi til að skapa mismunandi form og áferð. Hráefnið sjálft er dökkt og öfgakennt en lokaútkoman getur verið einföld, glæsileg og vakið athygli sem listaverk. Ferlið að nýrri línu var mjög skapandi hjá þeim og þær voru alltaf að skapa hluti sem höfðuðu einnig til þeirra persónulega. Ég myndi segja að skartgripirnir þeirra séu algerlega tímalausir og klassískir."

Hugmyndafræði án hagnaðar

Licorice er ekki lengur starfandi. „Eftir árið 2018 hættu þær Hajnal og Erika að búa til nýjar vörur og merkið varð meira eins og verkefni. Í dag eru þær báðar sjálfstætt starfandi listamenn. Mig langar enn þá til þess að kynna þessi síðustu eintök merkisins fyrir þeim sem eru áhugasamir. Að mínu mati er mikilvægt að sýna listaverk áfram, þrátt fyrir að markmiðið sé ekki lengur að hagnast á því, og þetta merki einblíndi hvort eð er aldrei á peningahliðina. Síðustu eintökin frá merkinu eru enn frábær og standa fyrir sínu. Þau eru úr góðum efnum og fullkomin fyrir íslenskt veður, þar sem þau eru búin til úr vatnsheldum og teygjanlegum efnum. Licorice var og er enn þá tækifæri til þess að kanna heim sjálfbærra og töff hönnunargripa, í stað lélegra og verðlausra skynditískuhluta."

Dóra segist kaupa mikið notað og hún er hrifin af því þegar fatamerki framleiða úr endurunnum efnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nokkrar festar úr skartgripalínu Licorice. Hráefnin eru gúmmíslöngur og latex.

MYND/AÐSEND

> **Að mínu mati er mikilvægt að sýna listaverk áfram þrátt fyrir að markmiðið sé ekki lengur að hagnast á því, og þetta merki einblíndi hvort eð er aldrei á peningahliðina.**
>
> Dóra Pacz

Hvaða skilaboð myndir þú vilja bera áfram frá Licorice?

„Hugsaðu út fyrir kassann þegar kemur að tísku. Kauptu einstaka og þýðingarmikla hluti sem endast. Ef þig langar ekki lengur til þess að eiga þá, reyndu þá að finna þeim nýjan eiganda sem kann að meta þá. Rusl getur verið fjársjóður og framtíðin mun fela í sér að nota það sem við höfum til þess að búa til nýja hluti."

Eru einhverjar reglur sem þú fylgir þegar kemur að tísku?

„Mér finnst gaman að kaupa notuð föt en á sama tíma reyni ég að vera meðvituð um val mitt. Ég para oft saman litríkar og stundum frekar skrítnar flíkur við beisik flíkur. Þá á ég nokkrar flíkur sem ég keypti fyrir tíu árum og eru enn í frábæru ástandi. Fyrir stuttu fann ég nokkrar mjög svalar flíkur úr fataskápnum hennar ömmu. Hún yrði örugglega mjög hissa á að sjá mig í fötunum sínum."

En hvernig tengir þú við fyrirbærið tísku?

„Fyrir mér er tíska eins og tækifæri. Ég kann vel að meta skilgreiningu Hundertwassers um Fimm húðir mannsins (e. Men's five skin), sem kemur inn á tengingu einstaklingsins við félagslegt og náttúrulegt umhverfi sitt. Önnur húðin er fötin sem sýna að hver einstaklingur eigi rétt á því að njóta hönnunar og sköpunar sem er eitthvað annað og meira en ríkjandi siðir, venjur og einsleitni.

Samfélagið í dag sýnir fram á aðra hlið tískunnar, en offramleiðsla og ofneysla er orðið stórt vandamál um allan heim. Frá því ég byrjaði að vinna í ferðamennskubransanum á Íslandi, þá sé ég hversu margar flíkur enda líf sitt í ruslinu eftir stutt frí. Við tengjum ekki lengur við fötin okkar og við skiljum ekki hvernig vel hannaður fataskápur virkar. Og við vitum ekki hvað við eigum að gera ef við ákveðum að við viljum ekki nota flíkurnar lengur."

Endurvinnsla er framtíðin

Dóra segir að hlaðborðið sé stórt þegar kemur að endurvinnslu. „Það væri frábært ef fjölmiðlar beindu kastljósinu að fyrirtækjum og framleiðendum sem sýna fram á sjálfbærni og bestu starfsemi sem hugsast getur á sínu sviði. Danmörk er þar í forrystu og ég held að Íslendingar gætu staðið sig vel á þessu sviði. Við eigum ógrynnin öll af efnislegum hlutum og spurningin er ekki bara hvernig eigi að endurvinna þá, heldur hvernig eigi að halda neyslunni niðri á lægra stigi. Þess vegna kann ég að meta hugmyndina um að endurhanna fötin okkar. Ef þig langar ekki til þess að nota kjólinn þinn lengur, þá gæti fyrsta skrefið kannski verið að búa til bol úr honum.

Ein af meginskilaboðum hönnunarmerkja eins og Licorice eru að draga athygli að „slow fashion". Það er einstök tilfinning að virða fyrir sér nokkra hluti og finna og velja þann eina rétta. Þetta snýst ekki um að vilja alla hlutina án nokkurrar merkingar. Þetta snýst um að eiga eitthvað einstakt. Það er alltaf áhugaverð saga og dýpri merking á bak við „slow fashion" merki og það er þess virði að kynnast fólkinu sem býr til hlutina, skilja hönnunina og kunna að meta gæðin sem þau bjóða upp á.

Back2Bag er annað ungverskt merki sem notar bílaparta sem endurunnið hráefni. Einnig kann ég að meta Balkan Tango sem breyta hjólaslöngum í veski, töskur og símahulstur. Á Íslandi mæli ég með kertunum hennar Birnu, en hún býr til kerti úr endurunnu vaxi. Gracelandic er annað íslenskt merki sem byggir ekki bara á gæðum heldur sjálfbærni og siðferði og jöfnum skiptum (e. fair trade). Það væri frábært að kenna næstu kynslóð hvað þessi orð merkja raunverulega." ■

ÚTSALAN ER HAFIN

Einnig fáanleg í barnastærðum

icebreaker

20-50% AFSLÁTTUR

OSPREY BAKPOKAR

OSPREY

Hágæða bakpokar.
Eitt mesta úrval landsins!

Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar
Fjallaskíðabakpokar
Hjólabakpokar • Ferðatöskur

30-50% AFSLÁTTUR

sherpa ADVENTURE GEAR

20-50% AFSLÁTTUR

30-50% AFSLÁTTUR

FERRINO

PeakPerformance

20-50% AFSLÁTTUR

20-50% AFSLÁTTUR

KEEN

AFSLÁTTARBORÐIN VERÐA Á SÍNUM STAÐ!

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18, sunnudagur 12-16

Fær innblástur frá götutískunni í París

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Tatiana Hallgrímsdóttir, fyrirsæta og forstöðumaður menningarmála hjá The Reykjavik EDITION, er annáluð fyrir sinn klassíska og vandaða fatastíl og útgeislun. Þrátt fyrir að vera aðeins 28 ára gömul hefur hún komið víða við, búið og starfaði á erlendri grundu og komið að framleiðslu og skipulagningu fjölda menningartengdra viðburða.



Ljós blússa frá Orseund Iris og buxurnar frá Cos klæða Tatiönu einstaklega vel, fáguð og virðuleg í fallegu umhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tatiana er úr Vesturbænum í Reykjavík og starfaði lengst af sem fyrirsæta. „Sem fyrirsæta hef ég starfað mest í Los Angeles þar sem ég bjó um árabil en einnig í Evrópu og Asíu. Síðustu ár hef ég komið að framleiðslu og skipulagningu fjölda menningartengdra viðburða og í dag starfa ég sem forstöðumaður menningarmála hjá The Reykjavik EDITION og sit einnig í framkvæmdastjórn þar. Starf mitt er margþætt en gengur að miklu leyti út á tengsl við skapandi greinar og menningartengda viðburði en ég vinn náið með kynningar- og markaðsdeild okkar og er eins konar félagsleg brú á milli hótelsins og borgarinnar.“

Tatiana hefur líka ástríðu fyrir menningu og mat. „Ég hef brennandi ástríðu fyrir kvikmyndum og bókmenntum, ég er einnig mikill matarunnandi og finnst fátt skemmtilegra en að leita uppi góðan mat um allan heim.“

Flottir kragar og pífur

Tatiana er ávallt glæsileg þegar kemur að klæðaburði og eftir því er tekið hvert sem hún kemur. Hún ber flíkurnar vel og hugsar fyrir hverju smáatriði.

Hefur þú ávallt haft skoðun á því hvernig fötum þú vilt klæðast?

„Ég hef alla tíð haft mikla skoðun á því en ég fann minn takt í klæðaburði upp úr tvítugu.“

Hvernig myndir þú lýsa fatastíl þínum?

„Klassískur með smá 70's glamrokk-ívafi.“

Þegar kemur að vali að sniðum, er eitthvað sem heillar þig frekar en annað?

„Ég hugsa mikið um bæði snið og efni. Vel úthugsuð smáatriði á klassískum flíkum eins og flottir kragar, pífur eða síðar ermar heilla mig mest.“

Áttu þér uppáhaldsflík?

„Stine Goya-stjörnukjóllinn minn er óvænt uppáhald síðari ára. Ég keypti hann í Geysi fyrir um fimm árum og finnst alltaf gaman að klæðast honum.“

Áttu þér uppáhaldshönnuð?

„Ég klæðist gjarnan íslenskri hönnun en Farmers Market og As we grow eru þar í miklu uppáhaldi. Ég er líka mjög hrifin af íslenska skó- og fylgihlutamerkinu KALDA.“

Tískuvörumerki sem heilla þig mest...

„Bella Freud, Saint Laurent, Alexandre Vauthier, Sandro og Maje standa alltaf fyrir sínu.“

Fylgir ekki tískustraumum

Þegar kemur að litavali, fylgir þú tískustraumunum hverju sinni eða áttu þér þína uppáhaldsliti sem þér finnst klæða þig best?

„Ég fylgi ekki tískustraumum og fæ mestan innblástur frá götutískunni í París þar sem konur á öllum aldri kunna virkilega að klæða sig. Mér líður vel í flestum litum en finnst jarðlitir og dökkblátt klæða mig best.“

Há stígvél þegar mikið stendur til

Hvernig myndir þú lýsa skótískunni sem þú heillast helst af?

„Þegar kemur að skótísku heillast ég að klassík með 70's ívafi líkt og í fatnaði. Há stígvél þegar það stendur mikið til, rúskinn og svartir lakkskór eru í uppáldi.“

Þegar þú velur fylgihluti, hvað finnst þér vera ómissandi?

„Ég er mikið fyrir vandaðar töskur og finnst alveg ómissandi að eiga „statement“ tösku. Þessa dagana er KALDA-taskan mín í sérstöku uppáhaldi.“ ■

Hér er Tatiana geislandi fögur í kjól frá Stine Goya og háum dökkum stígvélum fvrá Stuart Weitzman.

Tatiana glæsileg í skyrtujakka frá Farmers Market, kasmírpeysu frá Tricot Paris með trefil frá As we grow.



Hér er Tatiana í skyrtu með fallegri svartri flauelsslaufu frá Maje.

FRÉTTABLAÐIÐ

Íslenska ánægjuvogin

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 3. febrúar 2022

Kynningar: Stjórnvísi, BYKO, Landsbankinn,Sjóvá, Smáralindin, Prósent

„Ánægjuvogin á að vera hlutlaus og sýna stöðu fyrirtækja á markaðnum hverju sinni þegar kemur að ánægju og tryggð viðskiptavina," segir Gunnhildur Arnardóttir, framkvæmdastjóri Stjórnvísi.

MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON/STJÓRNVÍSI

Íslenska ánægjuvogin veitir fyrirtækjum hvatningu til að gera enn betur

Nýlega voru niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar kynntar í tuttugasta og þriðja sinn. Íslenska ánægjuvogin er félag í eigu Stjórnvísi og er framkvæmd hennar í höndum Prósents. **2**

Þann 21. janúar voru niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar 2021 kynntar og er þetta tuttugasta og þriðja árið sem ánægja íslenskra fyrirtækja er mæld með þessum hætti. Meginmarkmiðið með Íslensku ánægjuvoginni er að framkvæma samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina milli atvinnugreina og fyrirtækja, segir Gunnhildur Arnardóttir, framkvæmdastjóri Stjórnvísi. „Söguna á bak við Íslensku ánægjuvogina má rekja allt til ársins 1986 þegar Gæðastjórnunarfélag Íslands vildi þróa mælitæki til að meta og mæla árangur fyrirtækja í gæðamálum sem kæmi með einhvers konar mælingum á upplifun eða ánægju viðskiptavina.“

Marktækt mælitæki

Það var líka ljóst að ef slíkar mælingar ættu að vera trúverðugar þyrfti mælitækið að byggja á traustum og marktækum tölfræðilegum aðferðum, bætir hún við. „Í þessari vegferð var horft til mælitækja í Evrópu og á þeim tíma höfðu fræðimenn innan Stockholm Business School tekið forystu í að þróa ítarlegt tölfræðilíkan fyrir slíkar mælingar og hafði það líkan einnig vakið athygli í Bandaríkjunum og víða í Evrópu. Gæðastjórnunarfélagið tók því þátt í þessari þróun og fór af stað með mælingar á Íslandi og hafa síðan verið samfelldar mælingar hér á landi allt frá árinu 1998.“

Einnig var talin þörf á því að birta opinberlega upplýsingar um þróun á ánægju hjá fyrirtækjum og mörkuðum, neytendum til hagsbóta og sem hvatningu fyrir fyrirtæki til að leggja áherslu á gæði þjónustu og jákvæða ímynd.

> **Helstu breytingar hér hafa verið að bæta við fleiri fyrirtækjum og mörkuðum.**
>
> Gunnhildur Arnardóttir

Fleiri fyrirtæki mæld

Þekkingarfyrirtækið Prósent hefur séð um framkvæmd á Íslensku ánægjuvoginni árlega síðan 2016. Að þessu sinni var ánægja viðskiptavina könnuð frá júní til desember árið 2021. „Um er að ræða netkönnun sem send er á könnunarhóp Prósents, sem í eru Íslendingar 18 ára og eldri á öllu landinu, valdir með slembiúrtaki. Um 2.500 manna úrtak er á hverjum markaði og til að komast í Ánægjuvogina þurfa að vera að lágmarki 200 svarendur fyrir hvert fyrirtæki. Niðurstöður eru því birtar fyrir þau fyrirtæki þar sem tilskildum fjölda svara er náð. Öll gögn eru síðan vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu,“ segir Gunnhildur.

Þættirnir sem eru mældir eru ánægja viðskiptavina, væntingar, virði, gæði vöru og þjónustu, sem og tryggð og meðmæli viðskiptavina. Heildarfjöldi spurninga er tólf.

Hún segir töluverðar breytingar hafa verið á þeim fyrirtækjum og mörkuðum sem mæld hafa verið í Ánægjuvoginni frá því að mælingar hófust 1998. „Sífellt er verið að bæta við fleiri mörkuðum og fyrirtækjum, og í dag eru þrettán markaðir og 37 fyrirtæki mæld.“

Hlutlaust mælingatæki

Gunnhildur segir Íslensku ánægjuvogina vera í raun einu mælinguna sem er framkvæmd og birt opinberlega án þess að fyrirtæki skuldbindi sig fyrir fram til að taka þátt. „Ánægjuvogin á að vera hlutlaus og sýna stöðu fyrirtækja á markaðnum hverju sinni þegar kemur að ánægju og tryggð viðskiptavina. Við sjáum að flest fyrirtækin leggja gífurlega áherslu á að vera með ánægða viðskiptavini og að verða efst á sínum markaði er mikið keppikefli fyrir fyrirtækin. Flest fyrirtækin eru búin að innleiða í sína stefnu að vera með ánægða viðskiptavini og leiðir til þess að ná þeim áfanga. Sigur á markaði er því ekki síst mikilvægur fyrir starfsfólk fyrirtækjanna. Gögnin hafa einnig sýnt fram á að með því að auka ánægju viðskiptavina aukast líkurnar á því að þeir verði tryggari og mæli því frekar með fyrirtækinu við aðra.“

Sögu Íslensku ánægjuvogarinnar má rekja allt til ársins 1986. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON/STJÓRNVÍSI

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri NOVA. MYND/EYÞÓR ÁRNASON/STJÓRNVÍSI

Sigurður Pálsson, forstjóri BYKO, tekur við verðlaunum frá Gunnhildi Arnardóttur. MYND/EYÞÓR ÁRNASON/STJÓRNVÍSI

Sara Pálsdóttir er framkvæmdastjóri Samfélags Landsbankans. MYND/EYÞÓR ÁRNASON/STJÓRNVÍSI

Í sífelldri þróun

Gunnhildur segir Ánægjuvogina vera sífellt í þróun en ávallt sé passað að fylgja grunnlíkaninu sem var þróað erlendis, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, fyrir meira en aldarfjórðungi. „Helstu breytingar hér hafa verið að bæta við fleiri fyrirtækjum og mörkuðum. Sem dæmi voru sjö markaðir mældir árið 2010 en í dag mælum við 37 fyrirtæki á þrettán mörkuðum.“

Til að tryggja gæði rannsóknarinnar er svörum safnað yfir lengra tímabil en áður að hennar sögn. „Áður fyrr var svörum safnað yfir tvo mánuði en í dag dreifist söfnun gagna yfir sjö mánaða tímabil og er markmiðið að dreifa mælingum jafnt og þétt yfir allt árið til að tryggja stöðugleika í mælingu. Skýrslurnar eru jafnframt orðnar mun ítarlegri en áður og er hver skýrsla um 65 blaðsíður sem á að gefa greinargóða mynd af stöðu fyrirtækisins í samanburði við samkeppnina.“

Þakklæti, gleði og auðmýkt

Uppskeruhátíð Íslensku ánægjuvogarinnar er einn af hápunktum ársins í starfi Stjórnvísi. „Það er stórkostleg upplifun og gefur gnótt góðra minninga að fylgjast með stoltum verðlaunahöfum taka á móti viðurkenningunni ár hvert.“

Hún segir vinningshafana eiga það sameiginlegt að taka á móti viðurkenningunni með miklu þakklæti, gleði og auðmýkt. Meðal þess sem kemur fram í þakkarræðum verðlaunahafa eru setningar á borð við: „Þetta er viðurkenning til starfsfólksins fyrir framúrskarandi vel unnin störf. Viðurkenningin er gríðarlega mikilvæg þar sem starfsfólkið leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu og um leið eiga ánægða viðskiptavini. Ein besta viðurkenning sem hægt er að fá. Niðurstaðan sem við bíðum spenntust eftir að fá. Veitir hvatningu til að gera enn betur.“

Gunnhildur segir verðlaunahafa staðfesta með þessum orðum mikilvægi mælingarinnar. „Rannsóknir hafa sýnt fram á að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru, því betri afkomu getur fyrirtækið gert sér vonir um. Og undirstaða ánægðra viðskiptavina er ánægt starfsfólk.“ ■

> **Rannsóknir hafa sýnt fram á að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru, því betri afkomu getur fyrirtækið gert sér vonir um.**
>
> Gunnhildur Arnardóttir

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652. | Veffang: frettabladid.is

Lilja Björk Einarsdóttir er bankastjóri Landsbankans. Hún segist afskaplega hamingjusöm með úrslitin í íslensku ánægjuvoginni og að þau hafi verið í takti við reglulegar kannanir Landsbankans á ánægju viðskiptavina.
MYND/SILLA PÁLS

Allir eiga að njóta sín í vinnunni

Landsbankinn mældist efstur banka í ánægjuvoginni, þriðja árið í röð. Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir lykil að góðum árangri vera framúrskarandi þjónustu og frábært starfsfólk.

„Við einföldum viðskiptavinum lífið með því að bjóða þeim framúrskarandi stafræna þjónustu, en um leið leggjum við áherslu á persónuleg samskipti og faglega ráðgjöf þegar á þarf að halda," segir Lilja.

Þetta eru lykilatriði í stefnu sem Landsbankinn hefur unnið eftir frá árinu 2021 en í henni var lögð enn meiri áhersla á ánægju viðskiptavina.

„Við urðum því afskaplega hamingjusöm með úrslitin í ánægjuvoginni. Auðvitað vorum við með krossaða fingur, en úrslitin voru í takt við kannanir sem við látum framkvæma og hafa sýnt stöðugt vaxandi ánægju með þjónustuna. Annar og ekki síður mikilvægur mælikvarði er að starfsfólk okkar, sem er í hvað mestum samskiptum við viðskiptavini, hefur einnig fundið að viðskiptavinir eru ánægðir og að traustið í samskiptum hefur aukist," segir Lilja.

Mætum ólíkum þörfum

Lilja segir Landsbankann í stöðugri framför. Það þýðir að bankinn er ekki eingöngu að horfa til þess að reksturinn sé traustur, heldur einnig sífellt að horfa til snjallra og nýrra leiða til að veita bankaþjónustu. Þarfir viðskiptavina séu ólíkar og álit þeirra á þjónustunni byggi á mismunandi notkun og upplifun.

„Á meðan sum eru ánægð vegna þess að þeim finnst appið okkar vera besta bankaappið, þá eru önnur fyrst og fremst ánægð vegna þess að þau fengu trausta ráðgjöf og góð kjör á íbúðalánið. Til að sem flestir viðskiptavinir séu ánægðir með þjónustuna þarf því að huga að mörgum þáttum og það höfum við svo sannarlega lagt okkur fram um að gera. Við höfum lagt mikla áherslu á stafræna þróun og ánægja með stafrænar lausnir bankans, hvort sem er fyrir fyrirtæki eða einstaklinga, er mikil. Þá leggjum við mikla áherslu á að bjóða góð kjör og höfum undanfarin þrjú ár verið í forystu um að bjóða hagstæð kjör á óverðtryggðum íbúðalánum, auk þess sem við höfum gert ferlið við að sækja um íbúðalán, festa vexti og gera greiðslumat, einstaklega einfalt og skjótvirkt. Þetta hefur leitt til þess að sífellt fleiri kjósa að taka íbúðalán hjá Landsbankanum, hvort sem er vegna fasteignakaupa eða til að endurfjármagna á betri kjörum. Góð þjónusta og góð kjör spyrjast út," segir Lilja.

Aldrei fleiri nýir viðskiptavinir

Viðskiptavinum Landsbankans hefur fjölgað mikið og telur Lilja það meðal annars vera vegna þess að aðgangur að því að koma í viðskipti sé einfaldur og orðspor um góða þjónustu spyrjist út.

„Á síðasta ári fjölgaði viðskiptavinum meira en nokkru sinni fyrr. Við sáum bæði fjölgun í hópi einstaklinga, en ríflega 5.000 einstaklingar bættust í hóp viðskiptavina Landsbankans, og einnig voru fleiri fyrirtæki en nokkru sinni fyrr sem hófu viðskipti við bankann. Það er gríðarleg samkeppni um viðskiptavini og við leggjum okkur verulega fram við að hafa stöðugt góða og áreiðanlega þjónustu. Það var mjög ánægjulegt að sjá að um helmingur af nýjum fyrirtækjaviðskiptum eru við fyrirtæki sem hafa flust úr öðrum bönkum. Markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði er nú 39,5 prósent og hefur aldrei mælst hærri. Við erum með tæplega 34 prósenta markaðshlutdeild á fyrirtækjamarkaði, en sá markaður er reyndar mjög ólíkur eftir stærð og staðsetningu. Mikill og góður árangur hefur einnig náðst í

> **Mannauðurinn skiptir náttúrlega öllu máli. Hjá okkur starfar hæfileikaríkt fólk sem sýnir frumkvæði og metnað. Og forvitni, sem skiptir líka miklu máli!**
>
> Lilja Björk Einarsdóttir

eignastýringu, miðlun, fyrirtækjaráðgjöf og á fleiri sviðum og allt styður þetta hvert annað," segir Lilja.

Frumkvæði, metnaður og forvitni starfsfólks góð blanda

Lilja er ekki í vafa um að sá árangur sem bankinn hefur náð byggi á því að hjá honum starfi frábært starfsfólk, hvort sem það vinnur við að þróa og búa til nýjar stafrænar lausnir, í útibúum og þjónustuveri, bakvinnslu eða annað.

„Mannauðurinn skiptir náttúrlega öllu máli. Hjá okkur starfar hæfileikaríkt fólk sem sýnir frumkvæði og metnað. Og forvitni, sem skiptir miklu máli! Það er mikilvægt að viða stöðugt að sér nýrri þekkingu og spyrja spurninga. Svo má ekki gleyma því að það á að vera gaman í vinnunni. Allir eiga að fá njóta sín, þannig næst bestur árangur," segir Lilja og bætir við að það sé mikil tilhlökkun í loftinu nú þegar takmörkunum verður aflétt, að fá allan hópinn aftur inn og vinnustaðurinn verði líflegur á ný.

Persónuleg þjónusta skiptir máli

Aukin samkeppni á fjármálamarkaði snýst ekki síst um hver getur boðið bestu og þægilegustu stafrænu þjónustuna, enda eru 99 prósent af öllum bankaerindum framkvæmd af viðskiptavinum í gegnum síma og tölvu. Sum erindi er þó ekki hægt að leysa með stafrænum hætti og tiltekna þjónustu verður aldrei hægt að veita nema með persónulegum hætti, að sögn Lilju.

„Persónuleg tengsl, ekki hvað síst í fyrirtækjarekstri, skipta líka miklu máli, sérstaklega þegar eitthvað bjátar á – það höfum við fundið vel á undanförnum tveimur árum. Við viljum rækta viðskiptasambönd til langs tíma. Við teljum áfram mikilvægt að bankinn sé til staðar um allt land og reynsla og tengsl starfsfólks í útibúanetinu hafa reynst afar mikilvæg. Við höfum líka nýtt tækifærið sem kom með breyttu vinnulagi til að búa til eitt þétt þjónustunet sem nær yfir allt landið. Starfsfólk getur sinnt viðskiptavinum hvar sem það er á landinu og þessi breyting hefur verið kærkomin."

Sér í lagi sé þetta mikilvægt þar sem var orðið minna að gera í útibúum.

„Á sama tíma vorum við með gríðarlega reynslumikið starfsfólk sem nú getur veitt viðskiptavinum þjónustu hvar sem er á landinu. Við erum búin að mennta um 140 fjármálaráðgjafa og það er frábært að vera komin á þann stað að geta virkilega nýtt þennan mannauð. Þetta hefur gefist gríðarlega vel og er komið til að vera. Við höfum líka lengt þjónustutímann og nú er hægt að panta tíma frá klukkan 10 til 18, þó svo að útibúin séu opin skemur. Við hvetjum viðskiptavini til að nýta sér tæknina og panta tíma þegar þeim hentar. Þetta hefði verið mjög dýrt og erfitt hér áður, en eftir Covid er fjarþjónusta orðin sjálfsögð og hnökralaus," segir Lilja.

Orkuskipti áhersla hjá nýjum sjálfbærnisjóði

Fjármálafyrirtæki hafa, ásamt öðrum, lagt aukna áherslu á sjálfbærni en hvernig sér Lilja það samræmast hlutverki banka? Hún segir áherslu á sjálfbærni skipta verulegu máli í mörgum þáttum, en til dæmis sé sjálfbærni mikilvæg fyrir fjármögnun bankans og þar með fyrir þau kjör sem bankinn getur boðið viðskiptavinum. Fjárfestar velja heldur að fjármagna banka sem stendur sig vel í UFS-þáttum, svo framarlega sem reksturinn sé líka í lagi.

„Fyrirtæki sem starfa samkvæmt UFS-viðmiðum eru líklegri til að lifa til lengri tíma; þau eru áhættuminni. Það er að sjálfsögðu mikilvægt þegar kemur að fjármögnun. Þetta eru nákvæmlega sömu viðmið og við horfum sjálf til við lánveitingar. Við höfum tekið risastór skref í sjálfbærnimálum á síðustu misserum enda eru loftslagsmálin helsta áskorun samtímans. Á síðasta ári áætluðum við meðal annars losun gróðurhúsalofttegunda frá útlánum okkar í fyrsta sinn, gáfum tvisvar út græn skuldabréf, sjálfbærnimerki bankans fyrir sjálfbæra fjármögnun fyrirtækja leit dagsins ljós og grænar vörur bættust við vöruúrvalið okkar," greinir Lilja frá.

Hún bætir við að sjálfbærnivinna innan fjármálafyrirtækis sé hvorki áhugamál né gæluverkefni. Það hafi bein áhrif á afkomu bankans og þá þjónustu sem hægt er að veita viðskiptavinum. Landsbankinn ætli að vera í fremsta flokki í sjálfbærni.

„Það er mikilvægt að horfa til framtíðar og bankinn tekur þátt í að efla íslenskt samfélag. Fyrr í vikunni tilkynntum við um nýjan styrktarsjóð bankans, Sjálfbærnisjóðinn, sem mun fyrst um sinn styðja við hugmyndir og verkefni sem snúa að orkuskiptum. Sjóðurinn er ekki síst ætlaður námsfólki og sprotafyrirtækjum, og við hlökkum til að sjá hvort einhver spennandi verkefni verði til og jafnvel að fyrirtæki í viðskiptum við bankann geti nýtt þau og unnið áfram," segir Lilja. ■

Allar nánari upplýsingar um Landsbankann á landsbankinn.is

Ánægja viðskiptavina þróast mismikið milli ára

Þegar ánægja viðskiptavina er skoðuð milli áranna 2020 og 2021 er hún heilt yfir svipuð. Séu ákveðnir markaðir skoðaðir breytist þó ánægjan töluvert.

Mælingar vegna Íslensku ánægjuvogarinnar eru í höndum þekkingarfyrirtækisins Prósents, sem býður alhliða þjónustu á sviði markaðsrannsókna. Að sögn Trausta Heiðars Haraldssonar, framkvæmdastjóra Prósents, er ánægja viðskiptavina heilt yfir svipuð á milli síðustu tveggja ára, það er frá 2020 til 2021. „Hins vegar er ánægjan að breytast töluvert þegar ákveðnir markaðir eru skoðaðir. Sem dæmi er mesta ánægjan hjá viðskiptavinum á raftækjamarkaði en þar eru Heimilistæki með hæstu einkunn. ELKO fylgir hins vegar fast á eftir."

Nova mælst hæst frá byrjun

Á bankamarkaði hækkar ánægja viðskiptavina um 2,3 stig á milli ára en þar mældist Landsbankinn með hæstu einkunn. „Íslandsbanki og Arion banki fylgja síðan fast á eftir og verður spennandi að sjá hvernig staðan verður í næstu mælingu."

Fjarskiptamarkaðurinn hækkar á milli ára, að sögn Trausta, en þar hefur Nova mælst hæst allt frá árinu 2009, eða allt frá því fyrirtækið kom á markað. „Við sjáum samt að munurinn á milli fjarskiptafyrirtækja hefur minnkað síðastliðin sex ár. Það verður því athyglisvert að fylgjast með því hvernig ánægja viðskiptavina muni þróast á þessum markaði."

Trausti Heiðar Haraldsson, framkvæmdastjóri Prósents. MYND/AÐSEND

Eldsneytismarkaðurinn lækkar

Sá markaður sem hefur lækkað mest á milli ára er eldsneytismarkaðurinn sem mældist 72,2 árið 2020 en fer niður í 68,5 árið 2021, að sögn Trausta. „Líklegasta skýringin þar er almenn hækkun á eldsneytisverði árið 2021."

Ánægja viðskiptavina hjá verslunarmiðstöðvunum Kringlunni og Smáralind minnkar einnig á milli ára og segir Trausti líklegt að Covid hafi haft þar mikil áhrif. „Vegna takmarkana í tengslum við Covid voru eðlilega miklu minni möguleikar til að bjóða upp á spennandi og skemmtilega viðburði fyrir viðskiptavini." ■

Fríður hópur verðlaunahafa Íslensku ánægjuvogarinnar árið 2021. MYND/AÐSEND

Þróun á ánægju viðskiptavina á milli ára eftir mörkuðum



Efst tryggingafélaga fimmta árið í röð

Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni 2021, fimmta árið í röð, með einkunnina 68,9. Þar er viðkvæðið að það sé alltaf hægt að gera aðeins betur.

„Það er ekki svo langt síðan Sjóvá var neðst tryggingafélaga; ef við förum aftur til áranna 2009, 2010 og 2011 þá var Sjóvá neðst í Ánægjuvoginni. Það er búið að breytast töluvert," segir Jóhann Þórsson, forstöðumaður markaðsmála og forvarna, og bætir við að ákveðið hafi verið að snúa þessu við árið 2015. „Þá var gott fólk á fundi og ákvað að nú væri kominn tími til að breyta. Tekin var ákvörðun um að rýna í hvað væri verið að gera og leggja áherslu á þjónustu við viðskiptavinina með það að markmiði að vera efst í Ánægjuvoginni. Það tókst árið 2017. Þá var Sjóvá orðin efst og svo var einnig árin 2018, 2019 og 2020 og var marktækur munur 2019 og 2020.

Núna er Sjóvá efst, þó að það sé ekki marktækur munur, þannig að við erum ekki bara búin að ná markmiðinu heldur erum við búin að koma okkur fyrir efst. Í dag erum við búin að vera efst tryggingafélaga fimm ár í röð," segir Jóhann. „Ég held að það séu ekki mörg fyrirtæki á Íslandi þar sem allir í fyrirtækinu hafa það eina sameiginlega markmið að horft er á hversu ánægðir viðskiptavinirnir eru. Og allir starfsmenn hérna eru mjög stoltir af þessu."

Áhersla á ánægju viðskiptavina

Jóhann segir að mikilvægt sé að starfsmenn Sjóvár hlusti á viðskiptavinina. „Við erum ekki að selja húsgögn eða raftæki. Hjá Sjóvá er varan sjálf svolítið óáþreifanleg þangað til fólk lendir í einhverju áfalli en þá reynir svolítið á okkur að vera til staðar fyrir fólk sem er að klessa bílinn sinn, brjóta einhverja heimilismuni eða lenda í innbroti. Við þurfum náttúrlega að vera fljót en við þurfum líka að taka tillit til alls í umhverfinu og vera svolítið mannleg. Þegar fólk er að nota þjónustuna okkar þá viljum við að upplifunin sé svolítið öðruvísi heldur en hjá þeim sem eru tryggðir annars staðar. Stundum er áherslan að borga tjónið eins hratt og hægt er en við viljum vinna tjónið eins vel og kostur er þannig að viðskiptavinurinn verði ánægður.

Jóhann Þórsson, forstöðumaður markaðsmála og forvarna hjá Sjóvá, er stoltur af árangri fyrirtækisins en segir að það sé alltaf hægt að gera betur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Og allir starfsmenn hérna eru mjög stoltir af þessu.**
>
> Jóhann Þórsson

Starfsfólk okkar hefur umboð til að vinna úr málum. Við erum ekki með símaver sem virkar þannig að starfsmenn reyni að koma viðskiptavininum úr símanum eins hratt og hægt er til að reyna að ná að taka næsta símtal heldur er lögð áhersla á að hlusta á viðskiptavininn í símanum og gefa honum eins mikinn tíma og þarf sem og að vera viss um að skilja bæði þarfir og væntingar viðskiptavinarins og að málið sé leyst í lok símtals, hvort sem verið er að fara yfir tryggingar eða aðstoða við smáa letrið í einhverjum skilmála."

Vilja breyta upplifun af tryggingum

Efst tryggingafélaga fimmta árið í röð. Er hægt að gera betur? „Það er alltaf hægt að gera aðeins betur. Þessi setning kom upp á fundi innanhúss. Sjóvá fékk í fyrra hæstu einkunn sem tryggingafélag hefur fengið og þá var rætt um hvort þetta væri ekki komið. Og upp úr því kom þessi setning: „Það er alltaf hægt að gera aðeins betur."

Við sjáum að Sjóvá er hvergi nálægt hæstu einkunnum fyrirtækja á íslenskum markaði heilt yfir þannig að við vitum að það er hægt að fara mjög hátt. Til að gera það þurfum við væntanlega að toga allan tryggingamarkaðinn með okkur; við þurfum að breyta upplifun Íslendinga heilt yfir af tryggingum: Bæði hvað það er að kaupa tryggingu og vera tryggður og hvaða þjónustu fólk má vænta þegar það lendir í tjóni. Og það er hellingur sem þarf að vinna þar og við erum að glíma við þetta á hverjum einasta degi. Þannig að við vitum að það er ekki bara hægt að gera betur heldur þurfum við að gera betur. Annars kemur einhver annar og tekur þetta af okkur." ■

Sigurður B. Pálsson, forstjóri BYKO, segir að það sé mikilvægt fyrir fyrirtæki að taka samfélagslega ábyrgð alvarlega, ef þau vilja endast og halda áfram að standast kröfur viðskiptavina.
MYND/AÐSEND

Framúrskarandi fyrirtæki byggir á hæfileikaríku fólki

BYKO leggur áherslu á að halda vel utan um mannauðinn, tryggja jafnrétti og sýna samfélagslega ábyrgð, en trúin er sú að ánægt starfsfólk veiti góða þjónustu. BYKO hefur verið efst í flokki byggingavöruverslana hjá Íslensku ánægjuvoginni fimm ár í röð og virðist því á réttri leið.

„BYKO leit dagsins ljós árið 1962 og verður því 60 ára á þessu ári. Einn af undirstöðuþáttum þess árangurs sem við höfum náð á þeim tíma, er að þekkja upprunann, söguna og þau gildi sem hafa fylgt okkur frá upphafi. Stofnendur og eigendur gáfu fyrirtækinu brag sem stendur alltaf fyrir sínu, en þeir lögðu áherslu á gott fólk, öfluga liðsheild, samkennd og mjög skýra framtíðarsýn," segir Sigurður B. Pálsson, forstjóri BYKO. „Allir þessir þættir falla meira eða minna undir hina mannlegu hlið rekstrarins, en starfsfólk er ein af mikilvægustu auðlindum hvers fyrirtækis og okkar góða starfsfólk hefur gert fyrirtækið að því sem það er í dag. Að treysta, útdeila verkefnum og ábyrgð og það að fólk raðist í stöður þar sem styrkleiki þess fær að njóta sín og gleðin birtist, er lykilatriði.

Sérstaða BYKO liggur í þeirri hæfni og þekkingu sem býr í mannauðinum og ég er ákaflega stoltur af samstarfsfélögum mínum og framlagi þeirra til fyrirtækisins. Starfsmannavelta er lág hjá okkur og starfsaldur er hár," segir Sigurður. „Á hverju ári heiðrum við starfsfólk sem hefur starfað fyrir BYKO í 10 ár og lengur og það þýðir að við heiðrum í kringum 30 starfsmenn á ári, en hjá fyrirtækinu starfar stór hópur starfsmanna sem hefur fylgt fyrirtækinu í 30 ár eða lengur.

Starfsánægja og hollusta starfsfólks, eru áskoranir sem fyrirtæki landsins standa frammi fyrir og við gerum okkur grein fyrir þeim breytingum sem eru að verða á gildismati fólks," segir Sigurður. „Fólk er byrjað að gera kröfur um sveigjanlegri vinnutíma, aukinn tíma með fjölskyldu og vinum og svo mætti áfram telja. Við tökum vitanlega mið af þessum breytingum í okkar framtíðarsýn."

Fjölbreytileiki skilar betri niðurstöðu

„Jafnrétti í öllum sínum myndum er okkur hjá BYKO mjög hugleikið. Skýr jafnréttisáætlun er til staðar þar sem allir bera sameiginlega ábyrgð á að gæta að jafnræði og að jafnrétti sé virt í hvívetna innan félagsins," segir Sigurður. „Við vorum til að mynda að innleiða einn þátt verkefnisins, sem snýr að þátttöku BYKO við greiðslu fæðingarorlofs, en við greiðum 20% af launum hvers starfsmanns sem kýs að taka fæðingarorlof og meginmarkmiðið er að hvetja öll kyn til töku fæðingarorlofs. BYKO er enn nokkuð karllægt fyrirtæki og gögnin segja okkur að karlmenn nýti sér síður fæðingarorlofsrétt, meðal annars vegna tekjufalls.

Það er auðvelt að skrifa fallegar stefnur og orð, en við gerum okkur grein fyrir þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Ein þeirra er að tryggja að starfsfólk sjái tilgang og ávinning af jafnréttisáætluninni og hafi um leið skilning á henni. Það gerist með stöðugri fræðslu og samtali," segir Sigurður. „Jafnrétti kynjanna er eitt af heimsmarkmiðunum sem við höfum valið okkur að styðja við og við höfum náð góðum árangri í að jafna kynjahlutföllin, í þeim annars karllæga heimi sem byggingavörumarkaðurinn er og það hefur náðst jafnvægi í helstu stjórnunarlögum félagsins.

Við viljum einnig beita okkur út á við og hafa áhrif og teljum það hlutverk okkar sem ábyrgt fyrirtæki. Eitt af verkefnunum sem við erum að vinna að er að brjóta niður staðalímyndir í byggingariðnaði og hvetja konur til náms í iðngreinum og áfram inn á vinnumarkaðinn," segir Sigurður. „Gögnin segja okkur að konum í iðnnámi sé að fjölga, sem er ánægjulegt, en þær eru ekki að skila sér í sama hlutfalli út á vinnumarkaðinn. Við viljum hafa áhrif á báða þætti, því betur má ef duga skal, við eigum afar langt í land.

Okkar skoðun er einfaldlega sú að fjölbreytileikinn skili betri niðurstöðu. Byggingariðnaðurinn er að verða af svo miklum hæfileikum vegna þess að það er hindrun fyrir konur að ganga þennan veg og því viljum við breyta," útskýrir Sigurður. „Við stefnum á fullkomið jafnrétti sem byggir á fjölbreytileika og fræðslu og viljum vera góð fyrirmynd og hafa áhrif á aðra."

Samfélagsábyrgð fyrirtækja á tímamótum

„Allar atvinnugreinar standa á tímamótum þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð. Margar eru komnar mjög langt, á meðan aðrar eru að máta sig inn í nýjan og breyttan veruleika. Heimurinn allur eru í umbreytingarferli hvað þetta varðar og samfélagsleg ábyrgð er gríðarlega stórt hugtak sem nær yfir mjög marga þætti í rekstri fyrirtækja," segir Sigurður. „Lög og reglur sem gilda hverju sinni eru hluti af samfélagslegri ábyrgð sem allflest fyrirtæki eru vel meðvituð um og fylgja í hvívetna. Það sem snýr að mannauðsmálum, sérstaklega jafnréttismálum, er styttra á veg komið og breytist hratt.

Sjálfbærnivegferðin er svo enn einn armurinn sem fellur undir samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Ég spái og reikna fastlega með því að hraði breytinga sé svo mikill að þau fyrirtæki sem átta sig ekki á mikilvægi þess að móta sér skýra stefnu og framtíðarsýn hvað þetta varðar heltist úr lestinni," segir Sigurður. „Kröfur stjórnvalda, samfélagsins, eigenda, hagsmunaaðila og viðskiptavina eru allar þær sömu, þannig að ég er bara viss um að innan tíu ára (ath. Parísarsamkomulagið 2030) verði búin að eiga sér stað einhver endurnýjun fyrirtækja á byggingavörumarkaði. Myndin verður alveg skýr. Vistvænir valkostir og byggingar byggðar eftir umhverfismerkjum Svansins eða BREEAM verða ráðandi og öllum mun finnast eðlilegt og sjálfsagt að leggja áherslu á jafnréttis- og sjálfbærnimál."

> **Starfsfólk er ein af mikilvægustu auðlindum hvers fyrirtækis og okkar góða starfsfólk hefur gert fyrirtækið að því sem það er í dag.**
>
> Sigurður B. Pálsson

Viðurkenningin hvetjandi og vekur stolt

Þann 21. janúar síðastliðinn fékk BYKO viðurkenningu á verðlaunahátíð Íslensku ánægjuvogarinnar, sem mælir ánægju viðskiptavina með þjónustu fyrirtækja, en fyrirtækið fékk flest stig í flokki byggingavöruverslana.

„Þetta er gríðarlega mikilvæg viðurkenning fyrir okkur og við erum mjög stolt af því að hafa fengið þessa viðurkenningu fimm ár í röð og unnið með marktækum mun. Um leið hvetur þetta okkur áfram og staðfestir að við séum á réttri leið," segir Sigurður. „Við höfum það að leiðarljósi alla daga að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina okkar og skapa bestu heildarupplifun viðskiptavina sem völ er á.

Þjónustuþættirnir eru eitt af því sem gefur okkar sérstöðu," útskýrir Sigurður. „Viðskiptavinir gera kröfur um aukna þjónustu þegar kemur að ráðgjöf, vöruúrvali og að varan sé til þegar á þarf að halda. Með öðrum orðum þurfum við að skapa góða heildarupplifun.

- Síðasta ár einkenndist af mikilli greiningar- og stefnumótunarvinnu sem tók mið af þörfum og væntingum viðskiptavina BYKO, með það að leiðarljósi að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavina í framkvæmdum og fegrun heimilisins. Við settum mikla áherslu á að þróa stafrænar lausnir sem gera viðskiptavini BYKO meira sjálfbjarga. Mörg verkefni hafa orðið að veruleika sem styðja vel við okkar framtíðarsýn. Við settum til að mynda rafrænar tímabókanir í loftið sem gera viðskiptavinum kleift að bóka tíma í palla-, lita-, framkvæmda-, innréttinga- og viðskiptaráðgjöf á netinu í gegnum https://byko.is/thjonusta/radgjof-og-thjonusta.
- Við gerðum viðskiptavinum líka kleift að sækja um reikningsviðskipti á BYKO.is með rafrænum skilríkjum.
- Við vorum fyrsta byggingavöruverslunin til að innleiða sjálfsafgreiðslukassa í verslanir okkar. Í fyrra opnuðum við eingöngu fyrir staðgreiðslu en frá og með næstu viku verður einnig hægt að setja greiðslur í viðskiptareikning í öllum okkar verslunum.
- Við byrjuðum einnig að vinna í nýjum vef og í vikunni opna nýjar þjónustusíður BYKO, sem við köllum mínar síður. Þjónustuvefurinn verður mun notendavænni en áður og verður þróaður áfram.

Við erum full þakklætis fyrir traustið og þá tryggð sem viðskiptavinir hafa sýnt okkur í gegnum tíðina. Það skiptir okkur einfaldlega máli að okkar viðskiptavinum vegni vel í því sem þeir eru að fást við hverju sinni, hvort sem það er fegrun heimilisins eða aðrar minni eða stærri framkvæmdir," segir Sigurður. „Við horfum björtum augum til framtíðar og hlökkum til áframhaldandi samstarfs við okkar viðskiptavini." ■

Ítarleg greining á niðurstöðum ánægjuvogarinnar

Fyrirtæki fá niðurstöður ánægjuvogarinnar afhentar í rafrænu mælaborði. Þar er auðvelt fyrir stjórnendur að sía gögnin sín og skoða út frá ýmsum bakgrunnsbreytum.

Niðurstöður ánægjuvogarinnar eru afhentar í rafrænu mælaborði en þar er auðvelt fyrir stjórnendur fyrirtækja að sía gögnin sín og skoða út frá ýmsum bakgrunnsbreytum, útskýrir Trausti Heiðar Haraldsson, framkvæmdastjóri Prósents, en framkvæmd Íslensku ánægjuvogarinnar er í höndum fyrirtækisins. „Til dæmis getur ánægja viðskiptavina mælst mismunandi há eftir kyni, aldurshópum, búsetu og tekjum. Einnig er hægt að ná í skýrsluna á formi glærukynningar og er hún um 65 blaðsíður að lengd fyrir hvert fyrirtæki."

Í skýrslunni er að finna greiningu niður á 12 spurningar segir Trausti. „Þær eru heildaránægja, hið fullkomna fyrirtæki, hversu vel eða illa fyrirtækinu tekst að uppfylla væntingar viðskiptavina, ímynd fyrirtækisins, gæði þjónustu og vöru, mat á verðmætum, tryggð, og ástæður þess að fólk mæli með fyrirtækinu, eða ekki."

Trausti Heiðar Haraldsson, framkvæmdastjóri Prósents. MYND/ AÐSEND



Fylgnigreining

Fylgni einstakra þátta við ánægju með fyrirtæki

Prósent



Mismunandi áhrif á ánægju viðskiptavina

Einnig er gerð aðhvarfsgreining, til að finna út hversu mikið af ánægju viðskiptavina megi skýra með þjónustugæðum, vörugæðum, virði og ímynd, bætir Trausti við. „Oft er þessi greining mjög mismunandi eftir mörkuðum, þar sem ímynd skiptir t.d. mjög miklu máli á ákveðnum mörkuðum, en verð hefur meiri áhrif á öðrum mörkuðum. Jafnframt getur þessi greining verið mismunandi eftir fyrirtækjum, þar sem áherslur þeirra eru mismunandi, sem sagt hvort að fyrirtækið sé að keppa í verði eða t.d. þjónustu."

Jafnframt eru tengslin sýnd á milli ánægju og tryggðar, hjá öllum þeim 37 fyrirtækjum sem eru mæld. Þannig getur fyrirtækið séð hvar það stendur í samanburði við öll önnur fyrirtæki sem mæld eru í ánægjuvoginni. „Gerð er fylgnigreining, sem sýnir hvaða þættir hafa sterkustu fylgnina við ánægju viðskiptavina, þ.e. ímynd, viðhorf, væntingar, gæði þjónustu, gæði vöru og virði. Þessar niðurstöður er einnig hægt að skoða eftir markhópum eins og kyni, aldri og búsetu."

Gefur mikilvæga innsýn

Í ánægjuvoginni er meðmælaskorið (NPS) einnig mælt og þátttakendur spurðir út í ástæður einkunnarinnar, þar sem fólk skrifar opið svar. „Þannig er betur hægt að sjá hvað veldur því að viðskiptavinir fyrirtækisins, sem og viðskiptavinir samkeppnisaðila, eru hvetjendur, hlutlausir eða letjendur. Gefur þetta mikilvæga innsýn inn í hugarheim viðskiptavina og hvað liggur að baki ánægju og óánægju viðskiptavina og einkunnagjöf þeirra," segir Trausti Heiðar að lokum. ■

Allar nánari upplýsingar um aðferðafræðina, mælitækið og mælaborðið er að finna á heimasíðu Prósents, www.prosent.is.

Smáralind er efst verslunarmiðstöðva

Gott úrval verslana, veitingastaðir, kvikmyndahús og ýmis önnur afþreying heillar fólk og annað árið í röð er Smáralind efst verslunarmiðstöðva.

„Þetta er annað árið sem mælt er í flokki verslunarmiðstöðva og er Smáralind búin að vera efst bæði árin. Við erum ákaflega stolt og ánægð yfir þessum árangri," segir Sandra Arnardóttir, verkefnastjóri í markaðsdeild Smáralindar.

„Við erum þó fyrst og fremst þakklát viðskiptavinum okkar og kaupmönnum í Smáralind en við tileinkum þeim þennan árangur. Smáralind væri ekkert án verslananna og veitingastaðanna sem þar eru og það er þeirra starfsfólk sem á mestan heiðurinn að þessum góða árangri."

Sandra Arnardóttir er verkefnastjóri í markaðsdeild Smáralindar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Breytingarnar skiluðu sínu

Sandra segir að í fyrra hafi ýmislegt verið gert með það í huga að bæta upplifun og þjónustu við viðskiptavini Smáralindar. „Það skiptir okkur miklu máli að upplifun viðskiptavina okkar sé góð þegar þeir koma í Smáralind og þessi árangur segir okkur það að viðskiptavinir okkar eru ánægðir með þær breytingar sem við höfum verið að gera á Smáralind síðustu ár, en bara á síðasta ári gerðum við heilmargt til að bæta þjónustu við viðskiptavini okkar.

Meðal annars fjölguðum við hleðslustæðum við Smáralind, opnuðum fullkomna hjólageymslu fyrir viðskiptavini okkar og starfsfólk og settum upp hleðslustöðvar fyrir rafhlaupahjól. Við endurbættum Hnoðrakot, skipti- og gjafaaðstöðuna hjá okkur, og leiksvæðin í húsinu og síðast en ekki síst settum við Smáralindar-

Smáralind hefur opnað fullkomna hjólageymslu fyrir viðskiptavini sína.

skólann á laggirnar í samstarfi við Akademias." Smáralindarskólinn er rafrænn skóli þar sem starfsfólk fyrirtækja í Smáralind hefur aðgang að fjölbreyttum námskeiðum, sem spanna allt frá öryggismálum til framkomu og þjónustu, og svo eru einnig staðnámskeið reglulega. „Með Smáralindarskólanum viljum við efla starfsfólk í verslun og þjónustu enn frekar."

Aldrei meira úrval

Sandra bendir einnig á að úrval verslana í Smáralind hefur aldrei verið betra.

„Í lok síðasta árs opnuðu fjórar nýjar og spennandi verslanir í Smáralind en það eru húsbúnaðaverslanirnar Epal og Snúran, snyrtivöruverslunin Elira og herrafataverslunin Kultur menn. Þetta eru allt afar glæsilegar verslanir sem leggja mikla áherslu á upplifun og góða þjónustu.

> Meðal annars fjölguðum við hleðslustæðum við Smáralind, opnuðum fullkomna hjólageymslu fyrir viðskiptavini okkar og starfsfólk og settum upp hleðslustöðvar fyrir rafhlaupahjól.
>
> Sandra Arnardóttir

Steinar Waage og Galleri Sautján færðu sig svo um set og eru orðnar enn glæsilegri en áður. Ég tel að þetta allt til samans sé að skila sér í ánægju viðskiptavina okkar."

Alltaf hægt að gera betur

En er hægt að gera betur?

„Já, ég tel að það sé alltaf hægt að gera betur. Við þurfum fyrst og fremst að halda áfram að þróa Smáralind í takt við þarfir viðskiptavina okkar og vera alltaf að bæta upplifun þeirra: Vera með gott úrval af verslunum, veitingastöðum og afþreyingu ásamt góðu aðgengi. Að vera efst í okkar flokki í mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar er mikil hvatning fyrir okkur og með ánægjuna á lofti ætlum við að halda áfram á þessari vegferð." ■

KRÓNAN

Í ALVÖRU ...

TAKK!

Við erum mjög þakklát fyrir að eiga ánægðustu viðskipta-
vinina á matvörumarkaði á Íslandi, **Fimmta árið í röð!**
Þetta hvetur okkur til að gera ennþá betur.

Við brosum eins og ...

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

www.kronan.is

Ánægja starfsfólks smitast til ánægðra viðskiptavina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ánægja smitast milli fólks

jme@frettabladid.is

Hvernig á að gera viðskiptavini ánægða? Leyndarmálið er einfalt og felst að stórum hluta í tveggja orða hugmynd: „Ánægt starfsfólk“.

Rannsóknir hafa sýnt fram á þá staðreynd að þrír af hverjum fjórum viðskiptavinum hætta að eiga viðskipti við fyrirtæki vegna slæmrar þjónustu. Þetta þýðir að 75% af viðskiptavinum leita annað til þess að fá það sem þeir þurfa.

Herb Kelleher, framkvæmdastjóri Southwest Airlines, segir að ef þú hugsar vel um starfsfólkið þitt, þá muni það hugsa betur um viðskiptavini þína. Ánægðir viðskiptavinir Southwest eru líklegri til að kjósa Southwest heldur en að leita til annars flugfélags – og það gerir hluteigendur að sama skapi mjög ánægða.

Þetta er eiginlega kerfi sem sér um sig sjálft. Svo í stað þess að biðja starfsfólk þitt að brosa til viðskiptavina, þá felst lausnin kannski í því að gefa starfsfólkinu eitthvað til að brosa yfir. ■

Íslenska ánægjuvogin á sér erlendar hliðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ánægjuvogin erlendis

oddurfreyr@frettabladid.is

Ánægjuvogin er ekki bara til hér á Íslandi, heldur má finna samsvarandi starfsemi í Svíþjóð, Bandaríkjunum og Danmörku.

Í Svíþjóð heitir ánægjuvogin Svensk kvalitetsindex og mælingar hafa farið fram síðan 1989. Svíar mæla líka opinbera geirann, svo það má meðal annars kynna sér ánægju Svía með lögreglu, skattayfirvöld, skólakerfið og heilbrigðiskerfið. Niðurstöður fyrir síðasta ár eru komnar á heimasíðuna.

Í Bandaríkjunum heitir ánægjuvogin The American Customer Satisfaction Index, eða ACSI, og þar hafa mælingar farið fram frá árinu 1994. Á heimasíðu ACSI er hægt að skoða niðurstöðurnar, en þar í landi eru gerðar fjórar mælingar á ári og ákveðnar atvinnugreinar teknar fyrir hverju sinni. Á síðunni má einnig finna pistla og greiningar á mælingunum, ásamt útskýringum á aðferðafræðinni og líkaninu, sem byggir á því sænska.

Í Danmörku er það Center for Ledelse sem sinnir mjög svipuðum mælingum og ánægjuvogin, en þau mæla svipaðar atvinnugreinar og hafa stundað mælingar frá árinu 2002. ■

Fólk vill ekki vélmenni

sandragudrun@frettabladid.is

Samkvæmt forbes.com er lykillinn að ánægðum viðskiptavinum persónuleg þjónusta. Viðskiptavinir kjósa að eiga í samskiptum við raunverulega manneskju frekar en einhvers konar vélmenni, eins og snjallmennum sem svara í netspjalli og engin raunveruleg manneskja er hinum megin á línunni. Snjallmenni geta verið hjálpleg þegar svara þarf algengum spurningum og þau spara tíma þjónustufulltrúanna, sem geta þá einbeitt sér að flóknari vandamálum. En það þarf að vera auðvelt að færa samskiptin frá snjallmennunum yfir til raunverulegs fólk á einfaldan hátt, ef halda á viðskiptavinunum ánægðum.

Kannanir hafa sýnt að samskipti við raunverulegt fólk skila sér í ánægðari viðskiptavinum. ■

Rannsóknir sýna að viðskiptavinir vilja þjónustu raunverulegs fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

YEST Gisela toppur
Stærðir 36-48
Verð kr. 6.980

YESTA Heqi peysa
Stærðir 44-52
Verð kr. 8.980

YESTA Ankaria tunika
Stærðir 44-56
Verð kr. 10.980

YESTA Husna tunika
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

ES&SY Pania kjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic OPHILIA

ZHENZI Ellar blússa
Fleiri litir til
Stærðir 42-56
Verð kr. 7.990

ZHENZI Enola mynstruð tunika
Fæst líka í bláu
Stærðir 42-56
Verð kr. 8.990

ZHENZI Anja kvarterma tunika
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.990

ZHENZI Litzy hneppt tunika
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.990

ZE ZE Culic kjóll
Fæst líka í brúnu
Stærðir 38-48
Verð kr. 8.990

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR
FRANDSEN tamaris Handberg Jana

IVY BEAU Sjoukje buxur
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980

ROBELL Marie Thermo vetrar-strechbuxur
Fást líka í dökkbrúnu - Stærðir 34-54
Verð kr. 10.980

YIWU fóðruð húfa með skyggni
Fleiri litir til
Verð kr. 4.990

LASESSOR ullartrefill
Verð kr. 14.990

SLING hliðartaska með 2 ólum
Fæst líka í brúnu og svörtu
Verð kr. 8.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Hér sýnir prinsinn fyrir Dior á tískusýningu í París áður en Covid breiddi úr sér í janúar 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Prinsinn í bleikri, síðri úlpu í lokaatriði sýningarinnar. MYND/RAINS

Hér kemur prinsinn með föður sínum og stjúpmóður í fimmtugsafmæli Friðriks krónprins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Danski prinsinn í bleiku á pöllunum

Elín Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Danska útivistarmerkið Rains sýndi haust- og vetrarlínu sína fyrir 2022-2023 á tískuviku í París fyrir stuttu. Athygli vakti að Nikolai prins kom fram í lokaatriði sýningarinnar en hann er orðinn eftirsótt fyrirsæta.

Þetta var í fyrsta skipti sem Rains sýnir í París. Rains kynnti línu sína Skywatcher, þar sem sýndar voru púffaðir nælonjakkar og annar útivistarfatnaður. Neongrænn litur var áberandi ásamt bleikum en þeir eiga að vera tákn norðurljósanna þaðan sem hönnuðurinn sækir innblástur. Tískusérfræðingar segja að Rains sé nýskandinavísk fagurfræði, nýstárleg og flott.

Nikolai prins sem er 21 árs er ekki nýuppgötvaður því hann hefur verið viðloðandi módelbransann frá því hann var 18 ára og hefur sýnt fyrir mörg af þekktustu merkjum heims svo sem Burberry og Dior. Nikolai er sonur Jóakims prins og fyrri konu hans, Alexöndru greifynju. Prinsinn prýðir forsíðu Vogue Scandinavia í febrúarmánuði. Hinn ungi prins hefur heillað tískuheiminn, segir á Instagram-síðu tímaritsins.

Nikolai prins er elsta barnabarn Margrétar drottningar og Hinriks prins. Þegar hann fæddist var hann þriðji í röð arftaka drottningar á eftir Friðriki krónprins og bróður hans, Jóakim prins, föður sínum. Hann er núna sjöundi í þessari röð. Nikolai hefur stundað nám í Copenhagen Business School.

Tískusýning Rains var haldin í Palais de Tokyo í París. Hún var stíliseruð af áhrifavaldinum Pernille Teisbæk en hún er með yfir 1,2 milljónir fylgjenda á Instagram. Hún er gift Philip Lotko sem er einn af stofnendum Rains. Pernille valdi að klæða prinsinn í bleika, síða úlpu sem var sérstaklega áberandi. ■

Nikolai prins sem er 21 árs er ekki nýuppgötvaður því hann hefur verið viðloðandi módelbransann frá því hann var 18 ára.

Prinsinn mun skreyta forsíðu Vogue Scandinavia í febrúar.

BYGGINGARIÐNAÐURINN

Miðvikudaginn 23. febrúar gefur Fréttablaðið út sérblað um allt sem viðkemur byggingariðnaðinum á Íslandi, hvort það eru bæjarfélög, verktakafyrirtæki, trésmiðjur og söluaðilar byggingarvöru.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar veitir:

Ruth Bergsdóttir
ruth@frettabladid.is · Sími 694 4103

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Landskeppni í hreyfingu

Lífshlaupið

2.-22. febrúar

VERTU MEÐ! SKRÁÐU ÞIG Á WWW.LIFSHLAUPID.IS

EINSTAKLINGS-KEPPNI | **VINNUSTAÐA-KEPPNI** | **GRUNNSKÓLA-KEPPNI** | **FRAMHALDSSKÓLA-KEPPNI**

Lífshlaupið

þín heilsa – þín skemmtun

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra aldurshópa. Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til þess að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er þ.e. í frítíma, vinnu, í skóla og við val á ferðamáta. Skrá má alla hreyfingu ef hún nær minnst 30 mínútum samtals á dag hjá fullorðnum og minnst 60 mínútum samtals á dag hjá börnum og unglingum.

Skráðu þig og liðið þitt til leiks, sæktu appið og skemmtu þér við að bæta heilsuna!

Sæktu appið!

Download on the App Store | GET IT ON Google Play

SAMSTARFSAÐILAR

RÁS 2 | Stjórnarráð Íslands Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Embætti landlæknis Directorate of Health | advania

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPARIbíll

Nýr 2021 Nissan Leaf N-Connecta 40 kWh battery. Evrópubíll í fullri ábyrgð. Eigum hvíta og svarta til afhendingar strax. 700.000 undir listaverði á aðeins 3.990.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu

Nissan Leaf II Acenta 40 kWh, 2018 árgerð, keyrður 39.500 km, silfurgrár. Gæðingur eins og þeir gerast bestir. Ný heilsársdekk. Staðgr. kr 2.890.000. Engin skipti. Uppl. 8425248.

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

MÁLARAMEISTARI
Tek að mér að endurmála íbúðir og fl. Fagmennska, mikil reynsla og sanngjörn verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S. 868-5171. egillsverris@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

Dyrasímakerfi 777 4944 Rafeindameistarinn. Viðgerðir og Endurnýjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eitt skrifstofuherbergi fyrir einyrkja í góðu húsi við Grensásveg. Aðgangur að eldhúsi, fundaaðstöðu og nettengingu. Snyrtileg aðkoma og næg bílastæði.
Nánari upplýsingar í s. 445 5500

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Axarvegur (939) ný veglína – kynningarfundur

Samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir

Vegagerðin (Vg) boðar til opins kynningarfundar **föstudaginn 4. febrúar kl. 09:00** um fyrirhugað útboð á samvinnuverkefninu „Axarvegur (939) – ný veglína.

Verkefnið felur í sér fjármögnun, hönnun nýrrar legu vegarins um Öxi (939), framkvæmd verksins, viðhald og umsjón hans til allt að 30 ára í samræmi við lög nr. 80/2020 um samvinnuverkefni.

Forsendur hönnunar eru m.a. fyrirliggjandi forhönnun og hönnunarforsendur Vg, er byggja meðal annars á niðurstöðum umhverfismats.

Vegurinn, sem er 20 km langur tveggja akreina, klæddur bundnu slitlagi, kemur til með að liggja frá gatnamótum Skriðdals og Breiðdalsvegar (95) að tengingu við Berufjarðarbrú.

Hann kemur til með að liggja hæst í um 520 metra hæð yfir sjávarmáli, eins og núverandi vegur. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti einni brú á leiðinni, yfir Berufjarðará, en hugsanlegt er að hönnun leiði í ljós að hagkvæmt væri að hafa brýr í stað ræsa og fyllinga á fleiri stöðum.

Heildar efnisþörf jarðefna er áætluð rétt tæplega 1,4 milljónir rúmmetra, en gert er ráð fyrir að stærstur hluti þess efnis komi úr skeringum í vegstæði.

Beint streymi verður frá fundinum og er slóðina að finna á heimasíðu Vegagerðarinnar; www.vegagerdin.is

Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Auglýst er hér breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 vegna Hnútuvirkjunar í Hverfisfljóti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á 469.fundi sínum þann 20.janúar 2022 breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps í landi Dalshöfða vegna Hnútuvirkjunar í Hverfisfljóti.

Breytingin gengur út á það að áformað er að reisa allt að 9,3MW rennslisvirkjun í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi. Fyrirhugað virkjunarsvæði er alfarið innan landareignar Dalshöfða.

Aðalskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 2.mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

f.h. Skaftárhrepps
Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps
Ólafur Elvar Júlíusson

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
ÍSHÚSIÐ
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND

Varahlutir í lyftara
- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



BÍÓBÆRINN

FÖSTUDAGA KL. 20.00

ENDURSÝNDUR LAUGARDAGA KL. 19.30

Gunnar og Árni fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndar-dóma kvikmyndaheimsins.

HRINGBRAUT

Freyr segir að erlendu þjálfararnir sem hafa komið að þjálfun innan KSÍ undanfarin ár, hafi allir saman hrósað starfsfólki og stjórnarmeðlimum KSÍ fyrir þekkingu og dugnað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Endurnýjun af því góða en hún þarf að vera heilbrigð

Fyrrum þjálfari kvennalandsliðsins og aðstoðarþjálfari karlalandsliðsins, hefur áhyggjur af stöðugum breytingum innan stjórnar og meðal starfsfólks KSÍ í aðdraganda ársþingsins, þar sem ný stjórn verður kosin í mánuðinum.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Freyr Alexandersson, fyrrum þjálfari kvennalandsliðsins og aðstoðarþjálfari karlalandsliðsins, lýsti yfir áhyggjum sínum í vikunni af því að það væri hættulegt að sjá lista yfir breytingarnar í stjórn KSÍ á stuttum tíma. Gríðarleg starfsmannavelta hefur átt sér stað á undanförnum árum og er líklegt að aðeins einn aðili verði í framboði til stjórnar KSÍ á ársþinginu síðar í mánuðinum, sem hefur verið í stjórn KSÍ til lengri tíma. Um leið hafa margir starfsmenn horfið á braut á fimm árum.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, hefur gefið það út að hún bjóði sig fram að nýju í formannsstólinn. Af þrettán stjórnarmeðlimum KSÍ sem voru kosnir síðasta haust, eru allavegana fimm á útleið. Fari svo að Borghildur Sigurðardóttir, sem er að íhuga kosti sína, gefi ekki kost á sér á ársþinginu, verður enginn eftir úr stjórn KSÍ sem sagði af sér síðasta haust eftir að ofbeldismál landsliðsmanna rötuðu í fjölmiðla. Von er á endanlegum framboðslista á næstu dögum.

Freyr lýsti yfir áhyggjum sínum á Twitter, þar sem hann sagði að þó að það væri ekki allt fullkomið innan veggja KSÍ, væri sú þekking, reynsla og færni sem væri ýmist farin eða á útleið, hættuleg þróun og óheilbrigð endurnýjun. Bætti hann við að honum blöskraði að skoða starfsmannalista KSÍ og hlutverk innan sambandsins, með tilliti til þess hversu mikil þekking væri ekki lengur innan raða KSÍ.

Freyr ræddi stöðuna nánar í samtali við Íþróttavikuna með Benna Bó, en viðtalið í heild sinni birtist á Hringbraut á föstudag. Freyr, sem starfar í dag sem aðalþjálfari Lyngby í Danmörku, þekkir vel til mála innan veggja KSÍ eftir að hafa sinnt ýmsum störfum innan KSÍ undanfarin ár. „Bæði stjórn og starfsfólkið hefur verið undir miklu álagi og það hefur verið of mikil velta á starfsfólki, eftir mikið jafnvægi á mannauði og stjórn þar áður. Ég er á því að endurnýjun sé alltaf af hinu góða, en hún þarf að vera heilbrigð. Þessi rosalega velta sem hefur orðið á stjórnarfólki, nefndarmönnum og núna starfsfólki KSÍ, er ekki góð þróun. Það er erfitt fyrir fólk sem þekkir ekki innviði sambandsins að átta sig á því hversu ofboðslega hæft þetta fólk er sem er að hverfa á braut," segir Freyr aðspurður út í tístið og starfsmannaveltuna.

„Eins og dæmi eru með Lars Lagerbäck, Erik Hamrén, Roland Andersson og Lassa markmannsþjálfara. Þarna erum við með fjóra menn sem koma utan frá, sem eiga það sameiginlegt, að ef þeir voru að hrósa einhverju innan KSÍ, þá var það yfirleitt þekkingin, færni og dugnaður starfsmanna og stjórnarmanna. Ég fékk að upplifa það í lengri tíma og er margt af þessu fólki vinir mínir í dag, þannig að þetta er synd fyrir íslenska knattspyrnu og við þurfum að gæta þess betur að halda í þessa þekkingu."

Fyrrum stjórn sagði af sér á einu bretti, eftir að í ljós kom að þáverandi formaður KSÍ hafði farið leynt með frásagnir af ofbeldisbrotum leikmanns karlalandsliðsins. Aðspurður út í hreinsunina sem átti sér stað, sagði Freyr suma einstaklinga vera farna, þó að þeir hefðu ekki haft vitneskju um neitt.

„Stormurinn sem varð átti fullkomlega rétt á sér og það má ekki gleymast, en hann snerti líka fólk sem hafði enga aðkomu að þessum málum, sem er sorglegt. Þetta fólk hafði ekki neina vitneskju um þessi mál og það er því leiðinlegt að sjá það hrökklast úr starfi."

Freyr segir að það sé margt sem þurfi að læra í starfi og að þar sé vitneskja að hverfa á braut.

„Það eru margir vinklar sem fólk gerir sér ekki grein fyrir hvernig virka, og það kemur með reynslunni. Það er mikið talað um formannsslaginn, en það er ekki síður mikilvægt að hafa gott stjórnarfólk og hvet ég alla þá sem hafa verið í kring um stjórnir knattspyrnufélaga síðustu ár, að gefa áfram kost á sér, því að íslensk knattspyrna þarf á þessu fólki að halda, en á sama tíma ber ég virðingu fyrir því að þau eigi kannski erfitt með að halda áfram." ■

Ársþing KSÍ fer fram á Ásvöllum þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Stjórn KSÍ árið 2016

Björn Friðþjófsson
Geir Þorsteinsson
Gísli Gíslason
Guðrún Inga Sívertsen
Gylfi Þór Orrason
Ingvar Guðjónsson
Jakob Skúlason
Jóhann Torfason
Jóhannes Ólafsson
Ragnhildur Skúladóttir
Róbert B. Agnarsson
Rúnar V. Arnarsson
Tómas Þóroddsson
Valdemar Einarsson
Vignir Már Þormóðsson
Þórarinn Gunnarsson

Enginn eftirstandandi sex árum síðar.

Stjórn KSÍ árið 2019

Björn Friðþjófsson
Borghildur Sigurðardóttir
Gísli Gíslason
Guðni Bergsson
Guðrún Inga Sívertsen
Ingvar Guðjónsson
Jakob Skúlason
Jóhann Torfason
Jóhann Ólafsson
Kristinn Jakobsson
Magnús Ásgrímsson
Magnús Gylfason
Ragnhildur Skúladóttir
Rúnar V. Arnarsson
Tómas Þóroddsson
Vignir Már Þormóðsson

Borghildur ein eftirstandandi þremur árum síðar, óvíst um framhald hennar í stjórn.

Bráðabirgðastjórn KSÍ

Ásgrímur Helgi Einarsson
Borghildur Sigurðardóttir
Guðlaug Helga Sigurðardóttir
Helga Helgadóttir
Ingi Sigurðsson
Kolbeinn Kristinsson
Margrét Ákadóttir
Orri Vignir Hlöðversson
Sigfús Ásgeir Kárason
Unnar Stefán Sigurðsson
Valgeir Sigurðsson
Vanda Sigurgeirsdóttir
Þóroddur Hjaltalín

Þrír hafa staðfest að þeir gefi ekki kost á sér og óvíst með framhald tveggja.

> **Stormurinn sem varð átti fullkomlega rétt á sér og það má ekki gleymast, en hann snerti líka fólk sem hafði enga aðkomu að þessum málum, sem er sorglegt.**

Freyr Alexandersson, fyrrverandi aðstoðar- og landsliðsþjálfari

- Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands 2022
  Kíktu á **www.fi.is**
- Sumarleyfisferðir, Dagsferðir, Skíðaferðir,
  Páskaferðir, Helgarferðir o.fl.
- *Skráðu þig inn - drífðu þig út!*

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533

VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA Í NETTÓ

KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBLAÐINU

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.

132 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM!

SKANNAÐU QR-KÓÐANN OG NÁÐU Í BLAÐIÐ

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF HEILSU- OG LÍFSSTÍLSVÖRUM

Ofurtilboð í Samkaupa-appinu

Afsláttur í formi inneignar í appinu.
Náðu í appið og safnaðu inneign.

Fimmtudagur 3. feb.

Apptilboð dagsins

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Energy
60 hylki

Astaxanthin
Íslenskt, 60 stk.

Astafuel
170 ml

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Mangó
(kg)

Föstudagur 4. feb.

Apptilboð dagsins

Hansal magnesíum
Sítrónu

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Appsláttur: 40% inneign í appinu!

Koko kókosmjólk
1 l

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Vatnamelóna
(kg)

Laugardagur 5. feb.

Apptilboð dagsins

Appsláttur: 40% inneign í appinu!

Fulfil
Súkkulaði og karamella, 50 g

Nix&Kix
3 teg.,
250 ml

Appsláttur: 50% inneign í appinu!

Sítrónur
(kg)

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

NÝTTU ÞÉR VEFVERSLUN OKKAR OG GERÐU INNKAUPIN Á NETINU

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS

ÚRVAL AF GÆÐAVÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI!

Änglamark snyrtivörur
Engin aukaefni

25% AFSLÁTTUR

- Engin astma- og ofnæmisvaldandi efni
- Engin litar- eða lyktarefni
- Framleitt úr völdum innihaldsefnum
- Svansvottaðar vörur

Nú viltu morgunmat allan daginn

25% AFSLÁTTUR

Vítamín og fæðubótarefni frá Now á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR

Vaknaðu með Wholey

25% AFSLÁTTUR

Mamma Chia skvísur á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR

Allar vörur frá Whole Earth á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR

Muna vörur á 25% afslætti

25% AFSLÁTTUR

HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR NETTÓ STANDA YFIR DAGANA 27. JANÚAR - 6. FEBRÚAR 2022

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Hafnarfjörður • Lágmúli • Mjódd • Mosfellsbær • Nóatún • Salavegur • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Merkisatburðir

1605 Víkurkirkja í Reykjavík vígð af Stefáni Jónssyni, Skálholtsbiskupi.
1917 Bandaríkin rifta stjórnmálasambandi við Þýskaland.
1930 Útvegsbanki Íslands tekur við af Íslandsbanka hinum eldri.
1944 Hótel Ísland við Aðalstræti í Reykjavík brennur til kaldra kola. Einn maður ferst í brunanum.
1959 Rokkstjörnurnar Buddy Holly, Ritchie Valens og The Big Bopper farast í flugslysi.
1981 Litla-Brekka við Suðurgötu í Reykjavík, síðasti torfbær borgarinnar, er rifinn. Þar bjó Eðvarð Sigurðsson alþingismaður.
1990 Þjóðarsáttin undirrituð.
1991 Fárviðri gengur yfir Ísland og veldur miklu eignatjóni. Sterkasta vindhviða sem mælst hefur á Íslandi, 237 km/klst., mælist í Vestmannaeyjum.
1944 Bandarískar sveitir taka Marshall-eyjar.

†

Okkar elskulega móðir, eiginkona, tengdamóðir, amma, systir, frænka og vinkona,

Auður Friðriksdóttir

listakona,
Kleppsvegi 140,

lést í faðmi barna sinna á Mörkinni þann 21. janúar sl. Útförin fer fram 7. febrúar kl. 15 í Fossvogskirkju. Sérstakar þakkir til starfsfólks Markarinnar.

Babou Alex N'dure
Fatou N'dure **Ragnar Magnússon**
Adama N'dure **Abdou Saine**
Salomon N'dure
og barnabörn.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Guðmundsdóttir

lést á líknardeild Landspítalans, mánudaginn 31. janúar síðastliðinn. Bestu þakkir til starfsfólks krabbameins- og líknardeildar Landspítalans. Útförin verður auglýst síðar.

Jón Sigurðsson
Ólafía Karlsdóttir **Jónas Hafsteinsson**
Björn Gunnar Karlsson **Íris Hulda Jónsdóttir**
Auðbjörg Jónsdóttir **Árni Björn Hilmarsson**
Enika Hildur Jónsdóttir **Guðvarður B. Pétursson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

Davíð Benedikt Gíslason

lögmaður,
Fornuströnd 12, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu laugardaginn 29. janúar. Jarðarför verður auglýst síðar.

Brynhildur Þorgeirsdóttir
Eva Björk Davíðsdóttir
Þorgeir Bjarki Davíðsson **Guðrún Ásgeirsdóttir**
Anna Lára Davíðsdóttir **Viðar Snær Viðarsson**
Benedikt Arnar Davíðsson
Brynhildur Ýr Þorgeirsdóttir
Eva María Gunnarsdóttir
María Gísladóttir **Einar Kristinn Hjaltested**

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingimar G. Jónsson

prentari,
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum 18. janúar. Útför hans fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 3. febrúar klukkan 15.

Streymt verður frá athöfninni á www.lindakirkja.is/utfarir/

Valgerður Ingimarsdóttir
Jón Ingimarsson **Kristín Halla Traustadóttir**
Eyjólfur Ingimarsson **Margrét Árný Gunnarsdóttir**
Guðrún H. Ingimarsdóttir **Gunnar Hauksson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Afgreiðslumaður afgreiðir viðskiptavini við Snorrabraut. Áður en Vínbúðin var opnuð í Kringlunni var áfengið afgreitt yfir borðið.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Veigamikil verslunarsaga

Vínbúðin, sem fagnar aldarafmæli í dag, á sér langa og kaflaskipta sögu.

arnartomas@frettabladid.is

„Tímamótin sækja vel að okkur, enda ekki öll fyrirtæki og stofnanir sem fagna aldarafmæli," segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, á hundrað ára afmæli Vínbúðarinnar. „Við fögnum, ásamt starfsfólkinu öllu, stórum tímamótum og munum á afmælisárinu gera ýmislegt til að minna á afmælið."

Þann 3. febrúar 1922 var Áfengisverslun ríkisins, ÁVR, fyrst sett á laggirnar. Þrátt fyrir að bann við áfengissölu hefði verið lagt á hér á landi upp úr aldamótunum, kom í ljós að áfengi hvarf ekki úr vörslu landsmanna, sem olli miklum deilum á fyrri hluta aldarinnar. Í kjölfarið voru lög um einkasölu ríkisins sett á árið 1921, sem veittu ríkisstjórninni einni heimild til að flytja inn og selja áfengi með meira en 2,25% af vínanda.

„Í upphafi voru einungis seld spænsk léttvín í verslununum þar sem sala á sterku áfengi var bönnuð, en smám saman var vöruúrvalið aukið," segir Sigrún Ósk. „Það var ekki fyrr en árið 1935 sem lögunum var breytt og sala á sterku áfengi var leyfð."

Tóbakseinkasala ríkisins tók svo til starfa árið 1932 en það var ekki fyrr en árið 1961 sem fyrirtækin voru sameinuð undir nafni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins – ÁTVR.

Kaflaskil með Kringlunni

Ýmis kaflaskil hafi átt sér stað í langri sögu Vínbúðarinnar, þar á meðal árið 1987 þegar Kringlan var fyrst opnuð.

„Þetta var fyrsta verslunin þar sem viðskiptavinir gátu sjálfir valið vörur úr hillunum, en áður fyrr hafði viðskiptavinurinn þurft að standa fyrir framan afgreiðsluborðið og biðja um ákveðnar vörur," segir hún. „Það var oft erfitt, enda ekki allir með franskan eða þýskan framburð á hreinu. Fyrir vikið endaði það oft með því að viðskiptavinurinn stundi upp við afgreiðslumanninn: „Láttu mig bara hafa eitthvert gott rauðvín.""

Sigrún Ósk segir viðskiptavini Vínbúðarinnar hafa orðið mun meðvitaðri um vín og vínmenningu í seinni tíð.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

> Fyrir vikið endaði það oft með því að viðskiptavinurinn stundi upp við afgreiðslumanninn: „Láttu mig bara hafa eitthvert gott rauðvín."

Þá var aflétting bjórbannsins árið 1989 einnig veigamikið í áfengissögu landsins.

„Þegar banninu var aflétt 1. mars árið 1989 voru sjö tegundir bjórs í boði, en þær eru nú 509 í versluninni Heiðrúnu," segir Sigrún Ósk. „Á þessum tíma urðu viðskiptavinir meðvitaðri um vín og vínmenningu og ÁTVR hóf að auka vöruúrval sitt og þjónustu."

26 milljónir lítra

Í huga almennings er Vínbúðin oftast „Ríkið" og árið 2000 var tekin ákvörðun um að breyta ásýnd stofnunarinnar.

„Verslanirnar voru þá nefndar Vínbúðirnar, nýtt merki var tekið í notkun og í framhaldinu var yfirbragði verslana breytt," segir Sigrún Ósk og nefnir sem dæmi aukna samfélagslega ábyrgð með aldurseftirliti.

„Það voru ekki allir viðskiptavinir ánægðir með þá áherslubreytingu í upphafi, en í dag þykir sjálfsagt að hafa skilríki tilbúin þegar verslað er í Vínbúðinni. Stefna Vínbúðanna er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar."

Á síðasta ári seldust alls 26,4 milljónir lítra af áfengi í Vínbúðunum, þar af var bjór tæplega 18,5 milljónir lítra. Á stærsta degi ársins 2021 voru seldir 321 þúsund lítrar. Starfsfólk Vínbúðanna er tæplega fimm hundruð talsins, þar af um helmingur í föstu starfi, en aðrir eru í hlutastarfi og koma að jafnaði inn á álagstímum. ■

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali

Hjólafesting
á bíl
frá 3.995

Viðgerðar-
kollur
9.995

44.995
Vélagálgi 2T

Jeppatjakkur
2.25T
19.999

Viðgerðarbretti
9.995

Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795

1.999
Álskóflur

9.985
Vélastandur 500kg

AirBrush
loftdæla
19.995

6T Búkkar
605mm Par
9.999

frá 1.495
Startkaplar

4.995
Hleðslutæki 12V 6A

38.995
Verkfæraskápur
á hjólum

99.999
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum

frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum

Steðjar í
miklu úrvali

7.995
1/2 Toppasett

3.995
1/4 Toppasett

Vice Multi
angle
6.985

14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk

5.995
Verkfærasett
108 stk

4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla

15.995
Ranamyndavél

Bón og bílavörur
í miklu úrvali

Verðmæta-
skápar
frá 4.995

2xLED
kastari á
standi
9.999

Lyklabox
í miklu
úrvali

4.995
Verkfæraset

2.985
Barnaverkfæraset

Lím-
byssur
frá 995

Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir

13.995
Flísasög 80mm

Stigar og
tröppur í úrvali

Fjölsög
Höfftech

5.999

Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali

Útskurðarsett

24.995
Súluborvél 350W

9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13 mm

19.995
Metabo
KS216 bútsög

SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fös. kl. 9-18, laugardagur kl. 10-17, sunnudagur kl. 12-16

Veðurspá Fimmtudagur



Gengur í norðan 10-18 m/s í dag með snjókomu eða éljum, en þurrt að kalla á suðvestanverðu landinu. Frost 3 til 9 stig. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Finndu rétta starfskraftinn með því að auglýsa í

MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Tschigorin átti leik gegn Schiffers í Pétursborg árið 1897.

1...Hh1+ 2.Rxh1 Bh2+ 3.Kxh2 Hh8+ 4.Kg3 Rf5+ 5.Kf4 Hh4# 0-1. Skákþing Reykjavíkur hófst í gær. **www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 þrábiðja
5 stafur
6 tveir eins
8 hænsnfugl
10 íþróttafélag
11 endir
12 samstæða
13 strútfugl
15 ofurselur
17 rannsaki

LÓÐRÉTT
1 sjúkdómur
2 einkar
3 þakskegg
4 nytjar
7 rjátlari
9 einsamall
12 njóli
14 höfgi
16 bráðræði

LÁRÉTT: 1 nauða, 5 eff, 6 ff, 8 fasani, 10 kr, 11 lok, 12 sett, 13 emui, 15 fónar, 17 kanni.
LÓÐRÉTT: 1 nefkvef, 2 afar, 3 ufs, 4 afnot, 7 flktari, 9 aleinn, 12 súra, 14 mók, 16 an.



Sudoku

			1		5		6	7
9	3			6		4		1
5		6				2	8	
	2	5						3
7	4			3				
		8			2			4
		3	6		1	8		
	5				7	1		
			8	5		7		

5				7				
	3		2		9	1		
		4	5				6	
	1					7		6
2	5	7				4		
						5	3	
			1	2	6			8
			4	9				
4		6						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Inga Maren er höfundur dansverksins Hvíla sprungur sem sýnt verður í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sprungur í huganum

Hvíla sprungur er nýtt dansverk eftir Ingu Maren Rúnarsdóttur sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu á morgun, föstudaginn 4. febrúar.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Um titilinn segir Inga Maren: „Upphaflega var titill verksins annar en svo kom í ljós að verk í Borgarleikhúsinu var með þann sama titil þannig að ég þurfti að breyta heitinu. Síðastliðið sumar var ég að keyra úti á landi með fjölskyldunni. Ég var með minnisbók og skrifaði niður hugmyndir að titlum og reyndi að grafa mig inn í hugarástand okkar mannanna. Þá kom þessi titill, Hvíla sprungur.

Í lífinu förum við gjarnan á sjálfstýringu og tökum margar ómeðvitaðar ákvarðanir og burðumst með óunnin mál. Þetta sé ég eins og sprungur í huganum sem hægt er falla ofan í. Við höfum öll orðið fyrir áföllum sem fylgja okkur en ef maður er duglegur að vinna í sínum málum þá er maður kannski ekki að falla ofan í sprungur.“

Dofið fólk

Verkið er um klukkutímalangt og þar dansa fjórir dansarar í landslagi af myndum eftir RAX, Ragnar Axelsson. Tónlistin er byggð á tónverkinu Quadrantes eftir Óttar Sæmundsen og Stephan Stephensen.

Dansarar dansa í landslagi af myndum eftir RAX. MYND/RAX

Þegar hún er beðin um að lýsa dansinum segir Inga Maren: „Ég sá fyrir mér keðju. Þegar við erum úti í búð eða úti að keyra þá eru allir í röð. Ég er að vinna með þessa pælingu um frekar dofið fólk sem eltir hvert annað. Dansarar eru alls ekki dofnir í dansinum, en þeir eru í sjálfstýringarmótinu og elta hver annan þar til einn brýst út en fer um leið að ríghalda í annan einstakling. Aðrir tveir einstaklingar glíma við sitt hlið við hlið og sjá ekki hvor annan, eru hálfpartinn fyrir hvor öðrum, dansa saman en eru í eins konar ástandi.“

Dásamleg samvinna

Inga segir að kveikjan að verkinu hafi verið saga hennar sjálfrar. „Við erum samt ekki að vinna með mína sögu heldur kviknaði hugmyndin upp úr henni. Ég ólst upp á heimili þar sem var einstaklingur sem var mér ekki hliðhollur. Ég segi að ég hafi fyrir vikið orðið meistari í að fela mig. Í verkinu tengi ég þetta við náttúruna og árstíðirnar og breytingar, eins og þegar rjúpan skiptir um lit. Ég vildi láta dansarana dansa í íslensku landslagi og þá fannst mér enginn annar en RAX koma til greina og hann var til í að vera með.“

Júlíanna Lára Steingrímsdóttir gerir búninga og leikmynd. Þær Inga Maren hafa áður unnið saman að verkunum Ævi og Dagdraumar sem hlutu samtals sex Grímutilnefningar. Inga Maren hlaut tvenn verðlaun fyrir Ævi, sem dansari og danshöfundur ársins.

„Við Júlíanna vorum saman í menntaskóla og höfum unnið mikið saman. Við vinnum vel saman, skiljum hvor aðra og erum óhræddar við að segja skoðun okkar. Hún er dásamleg og verulega flink að koma með lausnir,“ segir Inga Maren. ■

> Ég vildi láta dansarana dansa í íslensku landslagi og þá fannst mér enginn annar en RAX koma til greina.

Lög Þórunnar flutt víða um land

kolbrunb@frettabladid.is

Björk Níelsdóttir sópran, Erla Dóra Vogler mezzósópran, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Hafsteinn Þórólfsson barítón og Eva Þyri Hilmarsdóttir pínóleikari halda tónleika á landsbyggðinni á næstunni. Flutt verða ný lög eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Lögin skiptast í þrjá flokka eftir efni: Sumarlög, Matarlög og Lög um ástina.

Tónleikarnir verða haldnir í Tónlistarmiðstöð Austurlands, Eskifirði 17. febrúar klukkan 20.00, Egilsstaðakirkju 18. febrúar klukkan 20.00, Bergi, Dalvík, 19. febrúar klukkan 16.00 og Hofi, Akureyri, 20. febrúar klukkan 16.00. ■

Björk, Erla, Eyjólfur, Hafsteinn og Eva leggja í tónleikaferðalag.

Ljósa hliðin í Gallerí Fold

kolbrunb@frettabladid.is

Ljósa hliðin er yfirskrift sýningar á málverkum eftir Hauk Dór í Gallerí Fold. Sýningin stendur til 5. febrúar.

Í kynningu á sýningunni segir: Málverk hans virðast við fyrstu sýn einföld og óhlutbundin en þegar glöggt er skoðað skynjar áhorfandinn andlit, dýr eða aðrar verur í formunum. Sumum verkanna mætti jafnvel líkja við eins konar dýragarða þar sem margbrotið mann- og dýralíf flæðir yfir myndflötinn. Formin eru hrein og skörp en öðlast eigið líf á myndfletinum. Í öðrum myndum skynjar áhorfandinn dularfullan svip fortíðar sem leiðir hann til Afríku og að list frumbyggja sem Haukur Dór hefur löngum hrifist af. ■

Haukur Dór sýnir í Gallerí Fold. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fimmtudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Vikufrétta. Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2009-2010 Norðurþing - Reykjanesbær.
14.25 Fólkið í landinu Halldór Hermannsson.
14.50 Fyrstu Sviarnir
15.50 Veröld Ginu
16.20 Nærumst og njótum
16.50 Hljómskálinn Forystusauðir.
17.25 Landinn
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Listaninja
18.29 Lúkas í mörgum myndum
18.36 Áhugamálið mitt
18.45 Krakkafréttir
18.50 Straumar - brot Reykjavíkurborg.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Okkar á milli
20.35 Á móti straumnum - Emmeli er orðin kattakona. Tværs. Emmeli er blevet en kattedame Danskir þættir um ungt fólk sem á það sameiginlegt að standa frammi fyrir erfiðleikum í lífi sínu og þurfa að finna leið til að kljást við þá.
21.05 Ljósmóðirin. Call the Midwife
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin. Chicago PD
23.05 Verbúðin 6. kafli. Í öfugum nærbuxum. Hjónaband Hörpu og Gríms er í uppnámi. Á meðan þau vinna í sínum málum sendir Harpa Einar og Freydísi um landið í leit að smærri bátum til að kaupa. Smári er enn með Hörpu undir smásjánni.
23.55 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

08.30 Ras al Khaimah Championship Bein útsending frá Ras al Khaimah Championship.
13.30 PGA Special. FedEx Cares Charity Challenge
15.30 Dubai Desert Classic Hápunktarnir í Evrópumótaröðinni 2022.
16.00 Drive On Championship Bein útsending frá Drive On Championship.
19.00 PGA Tour. The Cut 2022
19.20 2022 PGA Tour Champions Learning Center
20.00 AT&T Pebble Beach Pro-Am Bein útsending frá AT&T Pebble Beach Pro-Am.
23.00 Farmers Insurance Open Hápunktarnir á PGA mótunum 2022.
23.50 Champions Tour Preview 2022

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 Best Home Cook
16.00 Survivor
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Single Parents
19.35 Kenan
20.05 Solsidan
20.30 Ghosts
21.00 9-1-1
21.50 NCIS. Hawaii
22.35 The Twilight Zone (2019)
23.25 The Late Late Show
00.10 Dexter
01.00 Law and Order. Organized Crime
01.45 Godfather of Harlem
02.40 Spy City
03.25 Agents of S.H.I.E.L.D.
04.10 Tónlist

RÚV Rás eitt

00.00 Fréttir
06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið. Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Í ljósi krakkasögunnar- Anna Frank
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóníukvöld
20.35 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin

Stöð 2 Bíó

11.45 Justice League vs. the Fatal Five
13.00 Poms
14.25 Back to the Future
16.20 Justice League vs. the Fatal Five
17.35 Poms
19.05 Back to the Future
21.00 Twilight Hin 17 ára Bella Swan flytur í smábæinn Forks til að búa með föður sínum. Bella laðast fjótt að bekkjarfélaga sínum, hinum dularfulla Edward, sem reynist vera 108 ára gömul vampíra.
22.55 Anna
00.50 Elizabeth Harvest Dularfullur spennutryllir frá 2018 með Abbey Lee, Ciarán Hinds og Cörlu Gugino í aðalhlutverkum.
02.40 Twilight

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 The O.C.
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Gilmore Girls
10.15 Í eldhúsinu hennar Evu
10.25 Mom
10.45 Maður er manns gaman
11.10 Masterchef USA
11.50 How to Cure...
12.35 Nágrannar
12.55 Family Law
13.35 Fresh off the Boat
14.00 Shipwrecked
14.50 Top 20 Funniest
15.30 Jamie. Keep Cooking and Carry on
15.50 Spartan. Ultimate Team Challenge
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Þetta reddast
19.30 Þeir tveir Vikulegur íþróttaþáttur á léttu nótunum. Gummi Ben og Hjammi fara yfir fréttir vikurnar og bregða á leik með gestum.
20.15 The Cabins
21.00 MacGruber
21.35 NCIS. New Orleans
22.15 The Blacklist James Spader er hérna mættur í níundu þáttaröðinni um hin magnaða Raymond Reddington, eða Red.
23.00 Damages
23.50 Damages
00.50 Svörtu sandar
01.35 The Righteous Gemstones
02.10 War of the Worlds
03.00 Knutby
03.50 Euphoria
04.45 Spartan. Ultimate Team Challenge

Stöð 2 Sport

06.20 Keflavík - Grindavík Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
08.05 Njarðvík - Valur
09.45 HK - Afturelding Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
11.10 Seinni bylgjan
12.10 Fram - Valur Útsending frá leik í Olís deild karla.
13.35 Keflavík - Grindavík
15.15 Njarðvík - Valur
17.00 Subway körfuboltakvöld
18.05 Keflavík - Breiðablik Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
20.05 Grindavík - Tindastóll Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
22.00 Tilþrifin
22.45 Þeir tveir
23.25 Subway körfuboltakvöld
00.20 Keflavík - Breiðablik

Stöð 2 Sport 2

07.35 Leicester - Watford
09.20 Chelsea - Chesterfield
11.05 Hull - Everton
13.20 Ensku bikarmörkin
13.50 Peterborough - Sheffield United
15.30 Football League Show
15.55 Valencia Basket - Gran Canaria Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
17.30 QPR - Swansea Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
19.10 The Fifth Quarter
19.30 NFL Gameday
20.00 Drive On Championship Bein útsending frá Drive On Championship á LPGA mótaröðinni 2022.
23.00 Lokasóknin
00.00 Hawks - Lakers

Stílabók
Maped
3+
GEFÐU GJÖF TIL HEILLA
HEILLAGJAFIR.IS
Barnaheill

Frjáls framlög enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 - 1.000 kr. 907 1083 - 3.000 kr.
907 1085 - 5.000 kr. 907 1090 - 10.000 kr.

Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.
www.facebook.com/samferdafoundation

Alex og Hildur gerðu ávaxtabragð-tilraunir, með ískalda hollustu barnanna í huga. MYND/AÐSEND

Fjölskyldan stökk ísköld úr eldhúsinu á klakavagninn

Hjónin Alex Viðar Santos og Hildur Hlíf Sigurkarlsdóttir renndu sér nýlega inn á frostpinnamarkaðinn, með eigin ávaxtablöndum sem þau kenna við Jaka. Margir ráku upp stór augu þegar Alex, sem er verkfræðingur, hætti í vinnu til þess að hella sér á fullu í frostpinnagerð.

svavamarin@frettabladid.is

Jaki reis upp úr tilraunum hjónanna. MYND/AÐSEND.

> Við ákváðum að slá til eftir að við vorum búin að prófa okkur áfram og höfðum trú á að við værum með eitthvað gott í höndunum.

Þegar hjónin Hildur Hlíf Sigurkarlsdóttir og Alex Viðar Santos, voru að prufa sig áfram með hollari valkosti fyrir börnin sín, duttu þau niður á ávaxtablöndur sem hittu í mark hjá krökkunum. Þau ákváðu því að ganga skrefinu lengra og hefja einfaldlega framleiðslu á frostpinnum, sem þau kenna við Jaka.

Þótt ísþinnar séu kannski ekki það fyrsta sem fólki dettur í hug í myrkum og oft hrollköldum janúarmánuði, ákváðu þau að láta slag standa, enda ekki eftir neinu að bíða, og hófu sölu á Jaka í síðasta mánuði.

Markaðsrannsóknin sem þau gerðu á börnum sínum í eldhúsinu heima virðist enda hafa skilað áreiðanlegum niðurstöðum, því viðtökurnar hafa verið býsna góðar.

„Fólki finnst skrítið að ég hafi hætt í vinnunni minni og farið að framleiða frostpinna," segir verkfræðingurinn Alex, sem tók þarna ískalda stefnubreytingu og segir Hildur hugmyndina hafi sprottið upp úr tilraunastarfsemi í eldhúsinu heima þegar þau voru að reyna að finna hollari kost fyrir börnin sín tvö.

„Það kom virkilega skemmtilega á óvart hversu vel blandan heppnaðist. Við vorum búin að breyta hlutföllunum og lentum á nokkrum góðum pinnum sem krakkarnir elskuðu," segir Hildur ánægð með afraksturinn.

Slegið til í miðjum faraldri

Eftir nokkrar tilraunir í eldhúsinu sáu þau Hildur og Alex tækifæri sem gæti fært þau nær draumnum, með því að breiða út bragðgott fagnaðarerindið, sem hófst með leitinni að hollari valkosti fyrir börnin þeirra.

„Við ákváðum að slá til eftir að við vorum búin að prófa okkur áfram og höfðum trú á að við værum með eitthvað gott í höndunum," segir Alex og bætir við að gestir og gangandi hafa dásamað bragðið af Jaka.

Nafnið kom frá ömmu

„Eftir töluverða leit að aðstöðu til að vinna vöruna enduðum við á Eldstæðinu, sem er deilieldhús í bakgarðinum hjá okkur," heldur Alex áfram. Eldstæðið er atvinnueldhús fyrir matarfrumkvöðla og smáframleiðendur og byggir á deilihagkerfi og eftir að þau leituðu þangað komust þau svo gott sem alla leið með að láta drauminn rætast.

Hildur segir aðspurð að Jakanafnið hafi komið upp í fjölskylduboði. „Amma mín kom með nafnið í vor og það eiginlega bara smellpassaði. Vinkona okkar Katrín Inga Frantzdóttir hannaði svo myndina af ísbirninum Jaka sem er á umbúðunum," segir hún og hlær. ■

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Sony bregst við útspili Microsoft

Sérfræðingurinn

Geir Finnsson, *fyrrverandi ritstjóri Leikjafrétta*

„Þetta eru án efa viðbrögð Sony við tíðindunum af Microsoft hér um daginn," segir Geir Finnsson, tölvuleikjagúrú, um kaup japanska leikjarisans Sony á bandaríska leikjafyrirtækinu Bungie, sem þekktast er fyrir gerð Halo og Destiny tölvuleikjanna.

„Bungie hefur átt ríkan þátt í velgengni X-box leikjatölvunnar á Bandaríkjamarkaði með Halo tölvuleikjunum, sem eru meðal vinsælustu tölvuleikja þar í landi," segir Geir, en einungis eru tæpar þrjár vikur síðan tilkynnt var um risakaup keppinautar Sony, bandaríska leikjarisans Microsoft, á tölvuleikjaframleiðandanum Activision Blizzard, sem framleiðir meðal annars Call of Duty og Warcraft leikina.

Geir segir ljóst að þau tíðindi hafi velgt keppinautnum Sony undir uggum, enda takast fyrirtækin á á leikjatölvumarkaði með X-box annars vegar og PlayStation hins vegar. Með kaupunum getur Microsoft mögulega innan örfárra ára tryggt að risatitlar eins og Call of Duty komi eingöngu út fyrir sínar leikjatölvur, en ekki PlayStation.

Samkvæmt tilkynningu um kaupin mun Bungie þó áfram gera tölvuleiki fyrir fleiri leikjatölvur en PlayStation. „Ef til vill má túlka þetta sem velvilja Sony, sem vilja með þessu sýna Microsoft að þau séu tilbúin til að bjóða eigin leiki fyrir Microsoft, í þeirri von að þau útiloki ekki risaleiki eins og Call of Duty, frá PlayStation." ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Vonumst til þess að sjá sem flest fermingarbörn og foreldra þeirra!

Fermingardagar

Partýbúðarinnar 3.-7. febrúar

Fimmtudagurinn 3. febrúar kl. 18-21:

verður í beinni útsendingu

Búbblur, gos og léttar veitingar í boði meðan birgðir endast

20% afsláttur af öllu fermingarskrauti

Sýning á blöðruskreytingum

Sýning á notkun photobooth



- ✓ Við bjóðum uppá ráðgjöf varðandi val á skrauti
- ✓ Gjafabréfum (fermingarskraut að eigin vali) verður dreift á heppna viðskiptavini
- ✓ Viðskiptavinir geta sett nafn sitt í pott og þannig átt möguleika á því að vinna fermingarskraut að eigin vali

Fermingarnar verða svo áfram allsráðandi 4.-7. feb.

Allir sem mæta til okkar þessa daga geta fengið afsláttarmiða sem veitir 20% afslátt af fermingarskrauti fram yfir fermingar og fengið ráðgjöf varðandi val á skrauti.

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

www.partybudin.is

30% AFSLÁTTUR

CANNES hægindastóll

Hægindastóll og skammel. Saddle, grár eða rauður í PVC áklæði. **Fullt verð: 199.990 kr.**

Nú **139.993 kr.**

25% AFSLÁTTUR

MIAMI lyftistóll

Stillanlegur hægindastóll með tveimur öflugum mótorum. Leður á slitflötum. Svartur, grár eða brúnn. **Fullt verð: 259.990 kr.**

Nú **194.925 kr.**

30% AFSLÁTTUR

RIGA hægindastóll

Hægindastóll og skammel. Svart leður. **Fullt verð: 199.990 kr.**

Nú **139.930 kr.**

20% AFSLÁTTUR

AVIGNON hægindastóll

Hægindastóll með innbyggðum skammel. Svart, rautt eða dökkgrátt PVC leður. **Fullt verð: 199.990 kr.**

Nú **159.920 kr.**

25% AFSLÁTTUR AF DÝNUM

Nature´s SUPREME heilsurúm með Classic botni

Virkilega vönduð heilsudýna sem hentar flestum, millistíf.

Natures Supreme er samsett úr 5 svæðaskiptu pokagormakerfi með steyptri kantstyrkingu sem gefur um 25% meira svefnrými og lengri endingu. Gormakerfið er mýkra við axlasvæðið, millistíft við miðjusvæðið en stífara við neðrabakssvæðið. Convoluted svampur (egglaga) er í efsta lagi dýnunnar sem gefur virkilega góðan stuðning og aðlögun. Einnig gefur lögunin á svampinum meira loftflæði sem skilar sér í auðveldari snúningi á dýnunni. Mismunandi svamplög gefa henni frábæra mýkt. Hæð dýnunnar er 29,5 cm. **Dýna sem hentar ungum sem öldnum.**

Stærð í cm	Fullt verð: Dýna + botn	Útsöluverð: Dýna + botn
Supreme 80x200	97.900 kr.	**81.675 kr.**
Supreme 90x200	104.900 kr.	**87.425 kr.**
Supreme 120x200	124.900 kr.	**103.925 kr.**
Supreme 140x200	134.900 kr.	**112.425 kr.**
Supreme 160x200	149.900 kr.	**124.925 kr.**
Supreme 180x200	164.900 kr.	**137.425 kr.**

LYON höfðagafl

Fallegur höfðagafl í ljósgráu eða dökkgráu flaueli.

Stærð í cm	Litur	Fullt verð	Útsöluverð
120 x 150	Grár/dökkgrár	68.900 kr.	**55.120 kr.**
140 x 150	Grár/dökkgrár	74.900 kr.	**59.920 kr.**
160 x 150	Grár/dökkgrár	79.900 kr.	**63.920 kr.**
180 x 150	Grár	84.900 kr.	**67.920 kr.**
200 x 150	Grár/dökkgrár	94.900 kr.	**75.920 kr.**

LICATA sófar

Ýmsar stærðir og gerðir af sófum úr fallegu og slitsterku áklæði. Komdu og skoðaðu úrvalið.

20% AFSLÁTTUR

Licata 3ja sæta sófi í River dökkgráu áklæði, Kentucky stone eða koníak bonded leðri 199 x 94 x 82 cm. **169.900 kr.**

Nú **135.920 kr.**

Licata hornsófi hægri í River dökkgráu áklæði eða Kentucky koníak bonded leðri. 262 x 226 x 82 cm. **269.900 kr.**

Nú **215.920 kr.**

Licata tungusófi vinstri eða hægri í River dökkgráu áklæði eða Kentucky stone bonded leðri. 265 x 165 x 82 cm. **244.900 kr.**

Nú **195.920 kr.**

25% AFSLÁTTUR

MONTARIO svefnsófi

Einfaldur og stílhreinn svefnsófi. Svefnflötur 140x200 cm. Ljósgrátt endingargott áklæði. Stærð: 158 x 90 x 78 cm. **Fullt verð: 89.900 kr.**

Nú **67.425 kr.**

DANADREAM Ergomagic koddi

Stífur dúnkoddinn. Hægt er að stilla hæð koddans með því að fjarlægja hluta svampsins til að hann passi þér fullkomlega. **Fullt verð: 18.900 kr.**

Nú **9.450 kr.**

50%

30%

PURE COMFORT sæng

Létt og þægileg fibersæng. Stærð: 140×200 cm. Sængin er 300g **Fullt verð: 10.900 kr.**

Nú **7.630 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga Smáratorg kl. 13-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
www.DORMA.is

DORMA

ÚTSALA

LOKAHELGIN

Útsölunni lýkur 7. febrúar

Allt að 60% afsláttur

C&J SILVER stillanlegur botn + Natures Rest Luxury heilsudýna

- C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótor.
- Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi.
- Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.
- Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

Stærð í cm	Fullt verð: C&J botn + Natures Rest Luxury	Útsöluverð
Luxury 80x200	187.900 kr	**158.900 kr**
Luxury 90x200	193.900 kr	**164.100 kr**
Luxury 90x210	201.900 kr	**170.900 kr**
Luxury 100x200	201.900 kr	**170.900 kr**
Luxury 120x200	207.900 kr	**176.100 kr**
Luxury 140x200	223.900 kr	**190.100 kr**

Nature's LUXURY heilsudýna

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.
Natures Luxury er frábær heilsudýna með 20cm háum pokagormum sem eru svæðaskiptir, mýkri á mjöðmum og öxlum til að halda náttúrulegri sveigju í líkama okkar á meðan við sofum. Dýnan er samansett úr 5 lögum af mismunandi svampi með 4 cm minnissvampi sem aðlagast fullkomlega að líkamanum. Hæð Natures Luxury er 33 cm, en þar af er þykk yfirdýna sem gerir dýnuna einstaklega þægilega.
Natures Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel.
Dýnan er millistíf en aukalögin af svampinum gefa sérstaka lúxustilfinningu þegar lagst er í hana. Natures Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.
Sérlega vönduð gormadýna.

Stærð í cm	Fullt verð: Dýna + Classic botn	**Útsöluverð: Dýna + Classic botn**
Luxury 80x200	120.900 kr.	**94.530 kr.**
Luxury 90x200	124.900 kr.	**97.930 kr.**
Luxury 90x210	127.900 kr.	**100.630 kr.**
Luxury 120x200	134.900 kr.	**106.730 kr.**
Luxury 180x200	184.900 kr.	**145.930 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

HEILSUDAGAR Í NETTÓ
Appsláttur: 50% inneign í appinu!
Apptilboð dagsins
Astafuel 170 ml
Energy 60 hylki
Astaxanthin Íslenskt, 60 stk.
Mangó (kg)
nettó

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Sundrung

Fólk sem hefur lesið handbækur um félagsfærni, eða er einfaldlega félagslega fært, veit að besta leiðin til að tengjast fólki er að nálgast það út frá því sem við erum sammála um. Horfa á það sem við eigum sameiginlegt, frekar en það sem sundrar okkur.

Horfandi á vinamengi mitt og samfélag í gegnum þá samfélagsmiðla sem ég nota: Facebook, Instagram og Twitter, sé ég sífellt meiri tilhneigingu þessara miðla til að sundra í stað þess að sameina. Þessi þróun helst vafalítið í hendur við sífellt minnni notkun okkar á til dæmis Facebook, sem er í dag kominn á leiðinlegan fermingaraldur. Í dag sendir miðillinn mér helst tilkynningar um hvað sé að gerast í grúbbum sem ég er í, þangað til ég afþakka frekari tilkynningar. Síðan er reglulega stungið upp á að ég sendi hjartnæma afmæliskveðju til einhvers sem ég vann með eða þekkti fyrir langa löngu og hef ekki hitt árum saman.

Samhliða sjá þessir miðlar að besta leiðin til að halda okkur inni og fá af okkur tekjur frá auglýsendum, er að sýna okkur efni sem heldur okkur við efnið. Sleggjudómar, svívirðingar og átök fá miklu meira áhorf og virkni en hófsamar rökræður. Skýrt dæmi um þetta er að reglulega fæ ég að sjá vini mína úthúða hver öðrum í rifrildi um bólusetningar, þar sem niðurstaðan er engin.

Um leið og við líkum við færslu eða deilum, er okkur sjálfkrafa skipað í skotgrafir skoðana og samfélagsmiðlarnir sýna okkur í kjölfarið færslur og upplýsingar sem þeir telja að séu okkur velþóknanlegar. Niðurstaðan er einhliða áróður, þar sem samkennd okkar einskorðast við þá sem deila með okkur skoðunum og aðeins þeim. Það er góð latína að vera stundum sammála um að vera ósammála, nema þegar mótaðilinn er asni. ■

PARTÝBÚÐIN
Öskudags-búningar
Fermingar-skraut
Faxafeni 11, 108 Reykjavík
www.partybudin.is
PARTÝBÚÐIN

Eva Laufey Kjaran
dagskrárgerðarkona

„Frá því ég var lítil þá hef ég verið hrifin af fallegum litum og þá sérstaklega pastellitum. Ég gerði því litakort sem endurspeglar það. Þessa kósý og notalegu stemningu.“

Skoðaðu litina á byko.is

MAKKARÓNUR · EVUBLEIKUR · MARENGS-TOPPAR · PISTASÍA
KARAMELLA · TÍRAMÍSÚ · BERJAKEIMUR · VANILLU-DRAUMUR

Ánægðustu viðskiptavinirnir
Takk fyrir!
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
5 ár í röð!*
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.